



Bls. 29

Spennandi

Bls. 36

Söngur og hlátur

Bls. 38

Að skipuleggja innkaupin

Bls. 22



Hver dagur ótrúleg upplifun

Bls. 12



Lífið er skemmtilegra

Bls. 32



Allt frá líkklæðum...



Fyrir þig hjartað mitt

HJARTAMAGNÝL

DÝRMÆT FORVÖRN

Notkunarsvið: Hjartamagnýl inniheldur 75 mg af virka efninu asetýlsalisýlsýru sem hefur segavarnandi áhrif. Hjartamagnýl er notað sem fyrirbyggjandi meðferð gegn kransæðastíflu hjá einstaklingum með kransæðasjúkdóm. Hjartamagnýl minnkar einnig líkur á heilablóðfalli og tímabundnum blóðþurrðareinkennum frá heila. **Varúðarreglur:** Einstaklingar sem hafa ofnæmi fyrir asetýlsalisýlsýru eða öðrum salísýlötum ættu ekki að taka lyfið. Einstaklingar sem eru með astma, blæðingarsjúkdóma eða virkt magasár ættu ekki að taka lyfið. Takmörkuð reynsla er af notkun lyfisins hjá þunguðum konum og er því ekki mælt með notkun á meðgöngu. Lyfið er ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Hjartamagnýl getur valdið aukaverkunum eins og ofnæmi, astma, meltingarþægindum og jafnvel sárum á magaslimhúð. **Skömmtun:** Ráðlagðir skammtar fyrir fulloröna eru 75–150 mg á dag. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 23.12.03



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sætin 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Gardar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Elva Tryggvadóttir
Fjóla Jónsdóttir
Gardar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjálmi Friður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Stefanía Guðmundsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þóris Andréssdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elín Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjórnsson
Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír,
auglýsingastofa

Prentun og bókbönd

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Frá Barónsborg. Guðrður Svava
Óskarsdóttir og Ásta María
Hauksdóttir

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sætin 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern
fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greidd-
ar inn á bankareikning viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendir: 510 7511



Sigurður Bessason

Lognmolla í atvinnumálum

Atvinnuleysið í dag er alltof mikið. Lognmolla ríkir hér í allri umræðu um atvinnumál. Það er engu líkara en að við höfum sætt okkur við atvinnuleysið. Í byrjun apríl 2004 voru 3.662 einstaklingar án atvinnu á höfuðborgarsvæðinu og á landinu öllu 5.526. Sá hópur sem er mest áberandi er ungt fólk. Langvarandi atvinnuleysi brýtur fólk niður fjárhagslega og afleiðingar þess er oftast en ekki bæði andleg- og líkamlega veikindi. Miklu skiptir að leitað verði allra úrræða til að efla atvinnulífið og útrýma atvinnuleysinu.

Hér á höfuðborgarsvæðinu þurfum við ný mannaflafrek verkefni. Þar skiptir máli að vegagerð hefjist við nýju Sundabrautina en með tilkomu hennar skapast nýir möguleikar fyrir staðsetningu á iðnaðarhverfi upp á Kjalarnesi.

Ekki síst þurfum við að byggja upp atvinnulíf sem gefur báðum kynjum jafna möguleika á atvinnu. Eitt mesta sóknarfærið er fólgin í veitingahúsarekstri og ferðamálum. Það þarf að hlúa að þessari atvinnugrein og byggja hana upp sem heilsársgrein. Það gerist ekki á meðan greinin sem slík tekur ekki opinskáa umræðu um kennitölufyrirtækin, sem valda fyrirtækjum í alvöru rekstri ómældum skaða. Á meðan páskahátíðir eru haldnar vítt og breytt um landið liggur höfuðborgin í dvala í stað þess að nýta þessa mestu ferðahelgi ársins sem aðdráttarafl. Einnig má benda á sóknarfæri í lyfjaiðnaði og tengdum greinum.

Á undanförunum árum höfum við fylgst með því hvernig bankar hafa ýmist sundrað eða sameinað fyrirtæki í landinu. Því miður er það svo að endurskipulagningu fylgir oft fækkun starfa. Verkalýðshreyfingin er ekki andvíg hagræðingu eða framþróun atvinnulífsins. En forsvarsmenn bankakerfisins virðast hafa meiri áhuga á því að ná hámarkshagnaði út úr uppkaupum og endursölu fyrirtækja en að stuðla að blómlegu atvinnulífi. Það er áleitinn spurning hvort inngríp bankanna á fyrirtækjamarkaði undanfarin ár hafi leitt til árangurs fyrir þjóðfélagið eða atvinnulífið?

Það er fagnaðarefni að stækkun Norðurláls er að verða að veruleika. Þar er rétt um að samtals 800 manns fái atvinnu við uppbyggingu verkefnisins en síðan fái 130 manns fasta vinnu við verksmiðjuna. Sporin hræða engu að síður í þessu efni. Á Kárahnjúkum flytja erlendir verktakar inn næstum allt vinnuaflið. Hér þarf að standa öðruvísi að málum.

Nú er ekki lengur talað um þau áhrif sem framkvæmdir við Kárahnjúka hafa á atvinnulíf hér landi. Hvar eru nú skýrslurnar sem unnar voru um mannaflaþörf við Kárahnjúka? Hvar eru stjórnmálamennirnir sem töluðu um atvinnuuppbyggingu meðan þeir voru að vinna stuðning almenningis við framkvæmdirnar? Hvar eru skatttekjur sveitarfélaganna á Austurlandi sem ætlað var að standa undir kostnaði við margvíslega þjónustu sem fylgir framkvæmdunum?

Ætlum við læra eitthvað af þessu máli? Eða eru menn búnir að gleyma ræðuhöldunum og umræðunni um að hluta af náttúru væri fórnandi fyrir atvinnu. Nú er búið að fórna náttúrinni. En hvar er atvinnan sem fólkinu var lofað af ráðamönnum?

Það er vel viðeigandi á 1. maí, baráttudegi launafólks, að leita svara við þessum áleitnu spurningum.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Skýr vilji	4	Mikilvægt	26
Afgerandi meirihluti	6	Hvernig á að finna launin	30
Helstu atriði	8	Þórarinn Elmar Jensen	33
Mikilvæg réttindi	10	Verfall í Utah	34
Kjarasamningur við ríkið	11	Hlegið á Broadway	36
Lífið er skemmtilegra	12	Ungt fólk	37
Kvenfólk ekki í Blöndalshús	16	Skipulegg öll innkaup	38
Viðurkenning	18	Námskeið í stærðfræði	40
Í eltingaleik við Breta	20	Grunnmenntaskólinn	41
Hvalir í Garðasjó	22	EES vinnumiðlun	45
Að sigrast á lesblindunni	24		



Sigurður Bessason, Halldór Björnsson, Þorgeir Baldursson og Ari Edvald skrifa undir Flóasamninginn

Kjarasamningar Flóans samþykktir

Skýr vilji félagsmanna

- segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Kjarasamningar Eflingar-stéttarfélags, Vlf. Hlífar í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur voru samþykktir í póstatkvæðagreiðslu félaganna sem lauk mánudaginn 29. mars. Afgerandi meirihluti var fylgjandi samningnum eða 64% en 35.6% greiddu atkvæði gegn samningnum. 19.3% félagsmanna tók þátt í atkvæðagreiðslunni. Þetta eru fyrstu kjarasamningarnir sem Sigurður Bessason, formaður Eflingar-stéttarfélags, er í forsvari fyrir sem forystumaður félagsins og við hæfi í 1. maí blaði að ræða við hann um kjarasamningana og stöðu Eflingar-stéttarfélags. En varð Sigurður ekki fyrir vonbrigðum með þátttökuna?

Vitanlega hefði ég viljað sjá meiri þátttöku í atkvæðagreiðslunni. Það hefðum við öll viljað sjá. Við getum borið þetta saman við atkvæðagreiðsl-

una í Flóanum árið 2000, en þá var þátttakan um 24%. Þá greiddi fjórði hver félagsmaður atkvæði en núna um fimmti hver. Við fundum það reyndar mjög vel á vinnustöðunum sem við heimsóttum að það voru mun betri viðtökur við þessum samningi en samningnum árið 2000, enda munaði sárafáum atkvæðum þá að sá samningur félli í atkvæðagreiðslu. Það kom líka í ljós á vinnustaðafundum þar sem stuðningur var góður við samninginn að fáir höfðu þó greitt atkvæði. Ef eitthvað á að lesa úr þessari niðurstöðu, þá er það skýr vilji meirihluta félagsmanna að halda áfram á sömu braut.

Nú eru beinar launahækkanir fremur á lágum nótum í þessum samningi. Er ekki eðlilegt að fólk horfi til launahækkana á Alþingi og víðar í samfélaginu og finnist þetta harla lítill árangur?

Jú, ég get vel fallist á að þetta sé eðli-

leg hugsun fólks. Við fengum margar upphringingar þegar samningurinn var í atkvæðagreiðslu um nákvæmlega þetta. Fólk er ennþá reitt yfir því sem gerðist í desember þegar þingið gat á örfáum dögum afgreitt starfslókasamning forsætisráðherra og um leið hækkað forystumenn stjórnarandstöðuflokkanna um 220 þúsund krónur á mánuði. Hver slær hendinni á móti svona launahækkun? Þetta gerðu þeir á nákvæmlega sama tíma og almennt launafólk var að leggja grundvöll að kjarastefnu sem byggir á því að hér verði stöðugleiki og traust efnahagslíf til næstu ára. Ég vil minna á það að við stöðvuðum samningaviðræður í desember vegna þessara atburða og mótmæltum þessum áformum þingmanna, en mótmæli okkar og þúsunda launamanna báru ekki árangur. Það var sorglegt að horfa á það hvernig þingmenn tóku þarna sérhagsmunum fram yfir sameiginlega hagsmuni almennings þegar á reyndi.

Svigrúm í nýrri launatöflu


En það er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þó að grunnhækkanir launa séu á lægri nótum í þessum samningi, þá boðar samningurinn viss tíma-mót fyrir launafólkið í þessum félögum.



JÓAKIM SÉRKERFI

Orlofshúsakerfi

Orlofshúsakerfi Jóakims er hannað fyrir stéttarfélög og félagsamtök til að halda utan um orlofshús, íbúðir, tjaldvagna og styrki. Við hönnun kerfisins hefur verið lögð áhersla á sveigjanleika til að viðhald verði í lágmarki og notendur geti sjálfir lagað kerfið að sínum þörfum.



Hvernig virkar orlofshúsakerfið?

Kerfið notar fullkominn venslaðan gagnagrunn og er keyrt miðlægt sem tryggir áreiðanleika og öryggi gagna. Grunnurinn er mjög vel skipulagður og eru upplýsingar aldrei geymdar á tveimur stöðum. Þar sem kerfið er keyrt miðlægt fá allir notendur sjálfkrafa uppfærslur um leið og þær verða til, og auðvelt er að veita umsjónarmönnum orlofshúsa lestraraðgang að kerfinu í gegnum öruggt (VPN) internetsamband.

Kerfið tengist félaga- og iðgjaldakerfi Jóakims þannig að allar upplýsingar um félagsmenn, svo sem áunnir punktar, greiðslusaga, orlofshúsaumsóknir og úthlutunarsaga, eru í einum gagnagrunni. Aðeins þarf að slá inn kennitölu eða nafn félagsmanna einu sinni til að fá allar upplýsingar um viðkomandi og til að bóka orlofshús.

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum Landsteina Strengs í síma 550 9000 (sala@landsteinarstrengur.is).



Orlofshúsakerfið

heldur utan um orlofshús, íbúðir, tjaldvagna og styrki

Helstu kostir:

- Sveigjanlegt
- Lágmarks viðhald
- Fullkominn gagnagrunnur
- Sjálfvirkar uppfærslur
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- Tengt félagakerfi

Dæmi um staðlaðar sérlausnir:

- Bláa bókin
- EDI
- ERPic vefbúðarkerfi
- Infostore verslunarkerfi
- Innheimtakerfi
- Jóakim upplýsingakerfi
- Landsteinar Retail verslunarkerfi
- Launakerfi
- Lánakerfi
- Reikningaskönnun
- Samþykktakerfi
- Tímaskráning
- Tollkerfi
- Tryggingakerfi
- Verðbréfakerfi
- Verkbókhald

Með nýrri launatöflu opnast svigrúm og hækkanir milli flokka og þrepa sem við höfðum ekki áður. Við festum ákveðnar hækkanir á launagrunni bæði árið 2004 og 2006 og síðan koma aðrar hækkanir inn til viðbótar hjá ýmsum hópum auk þess sem tekjutrygging hækkar umtalsvert og við fáum starfsmannaviðtöl inn sem stóð þar sem aðrir hópar hafa slík viðtöl.

Þannig að þú ert ánægður með samningana?

Það hef ég aldrei sagt. Ég hef hins vegar lýst yfir ánægju með það hve afgerandi meirihluti veitti honum stuðning í atkvæðagreiðslunni. Ég held að við sem berjumst fyrir réttlátara þjóðfélagi séum öll fullkomlega meðvituð um þau stuttu skref sem við erum að taka í hverjum kjarasamningi. En það er staðreynd að allt frá árinu 1997 höfum við verið að feta okkur upp í kaupmætti á hverju einasta ári. Kauptaxtar voru vel innan við 50 þúsund þá en nú fer tekjutrygging yfir 100 þúsund og verðbólgan hefur hækkað mun minna á þessu tímabili. Það er einmitt það sem skiptir öllu máli, að launin okkar hækki meira en verðbólgan.

Í rauninni hefur þessi stefna skilað árangri á síðustu tveimur samningstímabilum. Ég met það svo að þessi afgerandi afgreiðsla á kjarasamningnum núna sé staðfesting á því að við séum á réttri leið.



Harpa Ólafsdóttir ræðir við Kolbein Gunnarsson en Kristján Gunnarsson er huggsi

Viðhorfsbreyting

Ég álít reyndar að það séu að verða ákveðin straumhvörf hjá launafólki með kjarasamningunum 2000 og 2004. Í báðum þessum samningum erum við að setja öflugri stöðir undir lífeyriskerfið okkar, fyrst með séreignarsjóðunum 2000 og núna með því að auka við samreignarsjóðinn frá atvinnurekendum upp í 8% iðgjald. Þarna sýnist mér að fólk sé farið að hugsa á öðrum nótum en áður meðan það hugarfar ríkti að við ættum helst að vinna meðan heilsan leyfði, en nú er við það miðað að við getum átt gefandi og innihaldsrík efri ár þar sem

við reynum að tryggja eins og kostur er að við höfum ekki áhyggjur af fjárhagnum. Það er greinilegt að fólk gefur orðið talsvert fyrir réttindi sem koma inn í formi lífeyrissparnaðar eða möguleika til menntunar, sem ekki voru fyrir hendi áður.

Ég vil líka nefna það að í þessum samningum erum við að taka stórt skref í slysatryggingum launafólks sem er dýrmætt ekki síst á okkar sviði þar sem slys eru algeng.

Að halda vöku sinni

Nú er ljóst að svo langur kjarasamningur byggist á trausti milli aðila.

Þú óttast ekki að binda kjör launafólks til fjögurra ára?

Það orkar allt tvímælis þá gert er. En eðli þessa kjarasamnings er þannig að við þurfum í reynd að vakta hann og vinna með forsendur hans allan tímann. Það koma inn hækkanir árlega og launataflan tekur gildi í tveimur áföngum. Síðan eru ákveðin tryggingarákvæði í samningnum gagnvart verðbólgu og launaþróun í kjarasamningnum annarra.

Ég bind miklar vonir við þennan samning og er ánægður með hve margir voru sammála okkur um kosti hans. Það verður nú verkefni okkar næstu mánuði og misseri að fylgjast rækilega með verðlagi og sýna stjórnvöldum, fjármálavaldi og atvinnurekendum aðhald til að treysta stöðir samningsins. Árangurinn ræðst fyrst af trausti okkar á að við séum að gera rétt en síðan af vinnu okkar við að láta þennan árangur verða að veruleika.

Samningur Flóafélaganna

Afgerandi **meirihluti** **studdi** samninginn

Kjarasamningur Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis var samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða í atkvæðagreiðslu félaganna. Úrslit eru þannig að 64,2% þeirra sem á kjörskrá voru samþykktu samninginn en 35,4% greiddu atkvæði gegn honum.

Atkvæðisrétt höfðu 11.898. Atkvæði greiddu 2.298 eða 19,3% þeirra sem á kjörskrá voru. Já sögðu 1.476 eða 64,2%. Nei sögðu 812 eða 35,4%. Auðir og ógildir seðlar voru 10 eða 0,4%.

Atkvæðagreiðslan stóð frá 15. mars sl. og lauk á hádegi 26. mars.



KEA
Skýr

Í þúsundir ára hefur lækningamáttur ALOE VERA plöntunnar, sem kölluð hefur verið drottning lækningajurtanna, verið þekktur. Blanda af þessari einstöku jurt og fyrsta flokks mjólkurvörum er hreinlega ómótstæðileg fyrir þá sem huga vilja að heilsunni.



FEGBURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA



Ákveðinn léttir og spennufall eftir undirskrift samninganna

Helstu atriði kjarasamnings Eflingar, Hlífar og VSFK

- Laun hækka almennt á samningstímanum um 14% en fyrsta hækkun er 3.25% frá 1. mars en við hana bætist hækkun í sérkjarasamningi þannig að launahækkun alls er talsvert meiri. Nýtt 7 ára starfsaldursþrep bætist við.
- Ný 25 flokka launatafla með 5 þrepum gefur svigrúm til launahækkana.
- Tekjutrygging er kr. 100 þúsund á mánuði fyrir fulla vinnu og tekur launahækkunum.
- Lífeyrisframlag atvinnurekanda fer úr 6% í 8% sem er hækkun um 33% á samningstímanum.
- Áfram er kostur að greiða í séreignarsjóði með 2% framlagi frá launamanni og sama framlagi frá atvinnurekanda.
- Slysatryggingar hækka um a.m.k. 40% sem er mikil réttarbót.
- Starfsmenntasjóður mun geta staðið undir mun meiri útgjöldum vegna menntunar þar sem atvinnurekendur hefja greiðslur í sjóðinn.
- Atvinnuleysisbætur hækka um kr. 9.000.- og fylgja síðan launaþróun.
- Starfsmannaviðtöl á vinnustað geta orðið stöð í því að sækja aukalega launahækkanir í samræmi við aðra á vinnustaðnum.
- Ýmis önnur ákvæði eru til bóta s.s. hækkun orlofs- og desemberuppbóta, breytingar á uppsagnarákvæðum og fleira.

- Tryggingarákvæði fylgja samningum gagnvart verðbólgu og launaþróun.

Hvernig eru launin fundin út?

Nú þegar kjarasamningar Eflingar-stéttarfélags hafa verið samþykktir koma launaliðir samningsins til framkvæmda og innröðun í launatöflur. Hægt er að finna röðun starfa í launaflokka í kynningarriti um samningana sem var sent öllum félögum með atkvæðaseðlum en einnig má nálgast ritið á vef Eflingar www.efling.is eða fá það sent frá skrifstofunni.

Hér í blaðinu og á vef Eflingar má sjá dæmi um innröðun í launaflokka og sýnt hvernig eldri taxtar koma út í nýju launakerfi. Sjá bls 30 – 31.

Hvaða sýningu velur þú?



DON KÍKÓTI



Sekt er kennd

CHICAGO



Sporvagninn Girnd

LÍNA LANGSOKKUR



BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is



Pórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Gunnar Björnsson undirrita samninginn undir vökulum augum sáttasemjara ríkisins

Skrifað undir samninga við ríkið

Mikilvæg réttindi í höfn

- Segir Pórunn H. Sveinbjörnsdóttir, varaformaður Eflingar

Í nýgerðum kjarasamningum Eflingar við ríkið sem skrifað var undir fyrir páska náðust fram ýmis mikilvæg kjara- og réttindamál fyrir starfsmenn hjá ríkinu innan Eflingar. Pórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 1. varaformaður Eflingar stóð í eldlínu þessara samninga og í hennar huga er ekki vafi á að með þeim hafi náðst tímamótaárangur fyrir þá félagsmenn Eflingar sem vinna hjá ríkinu.

Mjög mikilvægt er að hafa náð inn þeim réttindum sem ríkisstarfsmenn almennt hafa í sínum samningum svo sem lífeyrisréttindi, veikindaréttindi, tryggingum starfsmanna og fræðsluréttindum. Öll þessi ákvæði eru mikilvæg hvert á sínu sviði. Umbæturnar í lífeyrismálum þ.e. að bæta lífeyrisrétt félagsmanna sem nemur 5,5% skiptir verulega miklu máli og mun í framtíðinni hafa afgerandi áhrif á lífeyrinn. Þeir sem eru að fá full réttindi munu hafa 50%

hærra iðgjald sem skapar þeim aukin réttindi.

Tryggingar starfsmanna eru mikil réttarbót. Frítímatryggingin er hér verulega mikils virði fyrir félagsmenn. Veikindaréttur er nú lengdur í heilt ár fyrir þá starfsmenn sem hafa unnið í 18 ár eða lengur. Í fræðslumálum er tímamótaákvæði. Félagsmenn eigi nú rétt á að sækja um leyfi á launum til að stunda nám. Einnig aukast möguleikarnir til námsúrvals við það að nú verð-

ur til sameiginlegur sjóður sem sinnir starfsmenntun og námsframboði til félagsmanna.

Stofnanasamningar eru svo gerðir í kjölfarið við hinar ýmsu ríkisstofnanir og er vinna við það að hefjast. Þar kemur fram launainnröðun og mat á reynslu og námskeiðum og öðru námi. Í þessum þætti mun koma best í ljós hver ávinningur verður af samningunum til framtíðar hvað varðar launainnröðun félagsmanna.

Ég tel að með þessum kjarasamningi sé brotið blað hvað varðar ríkisstarfsmenn í Eflingu-stéttarfélagi og það er enginn vafi í mínum huga að verkfallsboðunin hafði mikil áhrif á lokaniðurstöðuna. Mjög mikil vinna er að baki og ber að þakka þeim mörgu sem að þessu komu fyrir hönd Eflingar-stéttarfélags eins og samninganefndarhópnum sem stóð dyggilega við bakið á okkur sem vorum í viðræðum við ríkið.

**Mjög mikil vinna er að baki
og ber að þakka þeim mörgu
sem að þessu komu fyrir hönd
Eflingar-stéttarfélags**



Helstu atriði kjarasamnings við ríkið

- Nýr kjarasamningur Eflingar og SGS við ríkið, var undirritaður 7. apríl s.l. Samningurinn sem gildir til 31. mars 2008, kemur í stað 14 mismunandi samninga einstakra félaga innan SGS, sem áður giltu.
- Grunnkaupshækkun á samningstímanum eru

3,25%	við undirritun
3%	frá 1. janúar 2005
2,5%	frá 1. janúar 2006
2,25%	frá 1. janúar 2007
0,5%	frá 1. janúar 2008
	til 31. mars 2008

- Mótframlag ríkisins í lífeyrissjóð hækkar til jafns við framlag til annarra starfsmanna ríkisins, úr 6% í 11,5% á samningstímanum. Auk framlags starfsmanna verður framlag í lífeyrissjóð því alls 15,5%.
- Áfram á launamaður rétt á allt að 2% mótframlagi atvinnurekanda í sér-eignarsjóð ef launamaður sparar sjálfur 2% af launum eða meira
- Ný 20 flokka launatafla með sex starfsaldursþrepum tekur gildi 1. mars 2004 og stofnanasamningar verða gerðir á hverri stofnun fyrir sig. Launatafla verður á bilinu 96.000 kr.



Samningafólk okkar ber saman bækur sínar

- til 187.608 kr. frá 1. mars 2004.
- Sameiginlegt mat samningsaðila á kostnaðaráhrifum innfærslu í launatöflu er, að frá undirritun samnings sé kostnaður að meðaltali um 2%. Auk þess kemur til almenn launahækkun sem getur ekki orðið lægri en 3,25%.
- Með þessum samningi innsigla samningsaðilar mikilvægi þróunar- og símenntunar með því að festa starfsmenntasjóð almenns launafólks hjá ríkinu í sessi. Atvinnurekandi greiðir mánaðarlega framlag er nemur 0,57% af heildalaunum félaga SGS í sérstakan sjóð, Þróunar- og símenntunarsjóð
- Persónuuppbót í desember verður kr.

38.500 árið 2004, kr. 39.700 árið 2005, kr. 40.700 árið 2006 og kr. 41.800 árið 2007.

- Orlofsuppbót verður kr. 21.100 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2004, kr. 21.800 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2005, kr. 22.400 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2006 og kr. 23.000 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2007.
- Gert ráð fyrir að þar sem borgaralegs fatnaður er krafist á heilbrigðisstofnunum eða sambýlum skuli starfsmenn fá 1.458 kr. á mánuði til fatakaupa. Einnig skulu starfsmenn á heilbrigðisstofnunum fá hentuga vinnuskó sér að kostnaðarlausu.

Stofnanasamningar í vinnslu

Við hverja á eftir að semja?

Kynning og atkvæðagreiðsla framundan hjá ríkinu

Nú þegar samingum við ríkið er lokið á eftir að gera stofnanasamninga við þær stofnanir sem falla að ríkissamningnum en þær eru eftirfarandi: Landsspítali háskólasjúkrahús, framhaldsskólarnir, Vegagerðin, Skálatún, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið og nokkrar fleiri stofnanir. Nú þegar er hafin vinna við gerð stofnanasamninganna og í kjölfar þeirra verður unnið kynningarefni fyrir kjarasamningana við ríkið og síðan boðað til kynningarfunda á vinnustöðum þar sem atkvæði verða greidd um kjara-

samninginn. Niðurstaða á að liggja fyrir 15.maí.

Á sama tíma er verið að vinna við gerða samnings við sjálfseignarstofnanir sameiginlega en þar eru m.a. Grund, Hrafnista, Sóltún, Skógarbær, SÁÁ og Sjálfsbjörg. Kynning á þeim niðurstöðum fara fram á vinnustöðum og atkvæði verða greidd um samningana samtímis. Þetta á einnig við um Eir og Skjól en þar er gerður sérstakur kjarasamningur og stofnanasamningur og síðan boðað til fundar á vinnustöðunum með kynningu og atkvæða-

greiðslu. Stefnt er að þessari vinnu verði lokið í maí en eftir er að semja um tímasetningar.

Þá er ólokið samningum við Kópavog og Seltjarnarnes en vegna þeirra samninga er fundað þessa dagana til að ná niðurstöðu.

Þá er einnig ólokið vinnu við nokkra smærri samninga á vegum Eflingar s.s. vegna skógræktar, kirkjugarðanna og fleiri aðila, en þessir samningar fylgja í stórum dráttum niðurstöðum Flóasamnings.



Nauðsynlegt að læra meiri íslensku, segir Aziza

Landnemaskólinn

Núna er lífið skemmtilegra

- segir Aziza Ascour

Ég ákvað að leggja inn umsókn í Landnemaskólann af því mér fannst mér ekki ganga nógu vel að læra íslensku í starfi mínu og í daglegum samskiptum almennt, segir Aziza Ascour, einn nemandinn í útskriftarhópi Landnemaskólans að þessu sinni. En það hafði líka áhrif á ákvörðun mína að dætur mínar voru byrjaðar í skóla og ég vildi vera vel í stakk búin til að hjálpa þeim við námið. Núna gengur mér miklu betur í samskiptum við fólk þar sem ég hef náð ágætum tökum á tungumálinu.

Áður en ég hóf námið í skólanum reyndi ég að læra íslensku með því að skoða bækur og lesa dagblöðin en það gekk ekki nógu vel. En fljótlega eftir að námið hófst fór mér að ganga betur og núna les ég bæði bækur og blöð, þó að ég skilji ekki allt sem þar stendur.

Aziza segir enn fremur, að hún sé byrjuð að aðstoða dætur sínar með heima-

námið og læri sjálf heilmikið á því. Mér finnst miklu skemmtilegra hérna núna og aukin samskipti mín við vinnufélagana eiga líka mikinn þátt í því. Reynslan hefur sýnt mér að það væri æskilegt að námið væri lengra og ég vona að svo geti orðið í framtíðinni. Aukin aðsókn gæti haft töluverð áhrif á slíka ákvörðun. Ég vil því hvetja alla sem eiga þess kost að kynna sér hvað Landnemaskólinn býður upp til að gera lífið hér auðveldara og skemmtilegra, sagði Aziza.

Mér finnst miklu skemmtilegra hérna núna og aukin samskipti mín við vinnufélagana eiga líka mikinn þátt í því



Landnemaskólanum var slitið í þriðja sinn þann 26. febrúar síðastliðinn og voru 8 nemendur útskrifaðir að þessu sinni. Mikil ánægja var með skólann og þann árangur sem náðist bæði hjá nemendum og aðstandendum, og komu fram óskir um að skólinn héldi áfram á sömu braut.

Aziza segir nauðsynlegt fyrir sig að læra meira í íslensku ef hún hefði hug á frekara námi. Fyrir utan íslenskuna, lærum við á tölvu og töluvert í stærðfræði. Sjálfsstyrking og samskipti var líka stór þáttur í náminu og mjög mikilvægur. Kennslan fór fram að hluta í vinnutímanum og ég er vinnuveitanda mínum mjög þakklát fyrir að skerða ekki launin mín þá þrjá mánuði sem ég var í skólanum, segir Aziza um leið og hún ítrekar að mikilvægt sé fyrir annað launafólk af erlendu bergi að kynna sér þá góðu kosti sem gefast með námi í Landnemaskólanum.



UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlíð umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignarsparning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af löggjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifli umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit ef lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

☐ **Framtíðarsýn 1**

Skuldabréf 65%

Hlutabréf 35%

☐ **Framtíðarsýn 2**

Skuldabréf 80%

Hlutabréf 20%

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og startsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sættún 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Úthlutunarnefnd nr. 1.

Atvinnuleysi ekki að minnka

- Ungt fólk meira áberandi á atvinnuleysisskrám

Atvinnuleysi virðist almennt ekki vera að minnka en í nú í byrjun apríl

eru 3.662 atvinnuleysir á höfuðborgarsvæðinu og á landinu öllu 5.526, en

atvinnuleysi er að öllu jöfnu hlutfallslega meira á höfuðborgarsvæðinu heldur en á landsbyggðinni. Atvinnuleysi jókst verulega framan af árinu 2003 og var ungt fólk þá meira áberandi á atvinnuleysisskrá en verið hafði áður.

Af þeim 3.662 atvinnulausu á höfuðborgarsvæðinu eru 1.323 afgreiddir í gegnum Úthlutunarnefnd atvinnuleysibóta nr. 1 fyrir höfuðborgarsvæðið að Sætúni 1, þar af eru 860 Eflingarfélagar.

Ásamt afgreiðslu atvinnuleysibóta hefur Efling og skrifstofa úthlutunarnefndarinnar nr. 1 komið á samstarfi við fræðsluaðila og fræðslusjóði Eflingar. Þannig eiga atvinnulausir félagsmenn Eflingar rétt til einstaklingsstyrkja hjá fræðslusjóðum félagsins og jafnframt hefur verið komið á samstarfi við Tölvuskólann Sóltúni um að veita þeim sem eru atvinnulausir og skráðir hjá Úthlutunarnefnd nr. 1 tölvunámskeið á sérkjörum, allt að 50 - 75% endurgreiðsla af fjarnámi. Frekara samstarf er fyrirhugað á milli úthlutunarnefndar, ýmissa fræðsluaðila og fræðslusjóða Eflingar.

NORRÆNA

- GÓÐ ÁSTÆÐA TIL AÐ FERÐAST



Ævintýraferð fyrir alla fjölskylduna!

Á ferðalagi með nýju Norrænu sameinast ljúfur ferðamáti, spennandi áfangastaðir og möguleiki á að nýta bílinn á erlendu grundu í sumarfríinu.

smyril-line.is

Noregur 24.700

*Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).
*Verð frá kr. 37.500 pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Sigt til Noregs og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).

* Þessi verð gilda einungis fyrir ferðir sem hefjast og enda fyrir lok maí 2004

Danmörk 27.625

*Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Danmerkur og til baka. Gist er í fjögurra manna klefa (inn).
*Verð frá kr. 41.000 pr. mann m.v. tvo farþega og bíl. Sigt til Danmerkur og til baka. Gist í fjögurra manna klefa (inn).

Hjaltlands- eyjar 23.400

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Hjaltlandseyja og til baka f. lok júní 2004. Gist er í fjögurra manna klefa (inn).
Verð frá kr. 19.100 pr. mann ef gist er í svefnþokapláss og annað óbreytt.
Verð frá kr. 27.100 pr. mann m. v. tvo farþega og bíl.
Gist í svefnþokapláss

Danmörk Noregur 32.200

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Danmerkur og heim frá Noregi f. lok júní 2004. Gist í fjögurra manna klefa (inn).
Verð frá kr. 26.200 pr. mann ef gist er í svefnþokapláss og annað óbreytt.
Verð frá kr. 37.900 pr. mann m. v. tvo farþega og bíl.
Gist í svefnþokapláss

Færeyjar 19.700

Verð frá pr. mann miðað við fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Færeyja og til baka f. lok júní 2004.
Gist er í 4ra manna klefa (inn).
Verð frá kr. 17.300 pr. mann ef gist er í svefnþokapláss og annað óbreytt.
Verð frá kr. 24.700 pr. mann m. v. tvo farþega og bíl. Gist í svefnþokapláss

Danmörk 34.900

Verð frá pr. mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu og bíl. Sigt til Danmerkur og til baka f. lok júní 2004. Gist er í fjögurra manna klefa (inn).
Verð frá kr. 28.500 pr. mann ef gist er í svefnþokapláss og annað óbreytt.
Verð frá kr. 41.500 pr. mann m. v. tvo farþega og bíl.
Gist í svefnþokapláss

FÆREYJAR - HJALTANDSEYJAR - NOREGUR - DANMÖRK



SMYRIL LINE ÍSLAND

Sætúni 8 • 105 Reykjavík • Sími: 570 8600 • Fax: 552 9450
www.smyril-line.is • email: info@smyril-line.is

NORRÆNA
FERÐASKRIFSTOFAN

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 • 710 Seyðisfjörður • Sími: 472 1111
austfar@isholf.is • www.smyril-line.is



Vinnulúnr menn í Blöndalshúsi

Kvenfólk kom **ekki inn fyrir dyr** í Blöndalshúsi

Blöndalshús stendur við Tryggvagötu 22. Þar er nú veitingahúsið Gaukur á Stöng.

Eimskipafélagið átti þetta hús hér áður. Þar var seglaviðgerðastofa niðri en uppi á loftinu var kaffistofa fyrir verkamenn hjá Eimskip. Kaffistofan var mikil sótt og ákaflega vinsæl. Þar réði ríkjum Hugí Vigfússon, maður dálítið sérhundaður og fastheldinn á gömul gildi. Þó að þessi kaffistofa væri í miðbænum og fjölförugt þarna um, þá var það hreint ekki svo að hver sem væri gæti

rekist þarna inn. Kvenfólk kom þarna ekki innfyrir dyr, frekar en á Svörtuloft-

Ekki af því að staðarhaldari væri neinn sérstakur kvenhatari. Þetta var bara gömul hefð.



um í A skála. Ekki af því að staðarhaldari væri neinn sérstakur kvenhatari. Þetta var bara gömul hefð. Þarna máttu koma verkamenn hjá Eimskip og valdir gestir þeirra. Þarna voru þjóðmálin rædd, tekið í spil og væri farið að halla að fyrsta maí voru málin rædd af meiri alvöru en ella. Þá var farið yfir siðina, hver ætti að ganga hvar í röðinni, hve nauðsynlegt það væri að láta félagsfánana bera af öðrum og vei þeim sem skiladi sínum fána í lok göngu og nennti ekki að standa teinréttur með sinn fána meðan á útifundi stóð. Sem er hinn eini rétti siður. Það á að stilla sér upp með fánana og spjöldin og skila þeim af sér fyrst að loknum útifundi þegar búið er að syngja Internationalinn.

Mikil framför frá fyrri tíð - Verkamannaskýlið við Kalkofns- götu

Verkamannaskýlið var athvarf fyrir alla verkamenn og konur. Þar var hlýtt þó gólfín væru ekki alltaf hrein, enda mikill fjöldi sem þar gekk um garða. Þar var selt gegn vægu verði kaffi og meðlæti og sérstaklega vinsælt var rúgbrauð með kæfu sem ávallt var á borðum hjá Bjarna staðarhaldara.

Þarna gátu menn líka borðað nesti ef menn kusu það heldur. Verkamannaskýlið var mikil og góð framför frá fyrri tímum, þegar menn voru athvarfslausir, oft í langtíma snöpum eftir að fá vinnu



Saltfiskbreiðsla á Vesturgötu 1890

og eltandi verkstjórnara um bryggjurnar. Eftir að Verkamannaskýlið kom var aðstaða öll önnur. Menn gátu þá sest inn í hlýjuna og voru þá tilbúnir þar þegar

vinnuboð kom. Þar var líka gerð vandleg úttekt á pólitísku málunum og ekki alltaf hávaðalaust.

Þetta voru menn með skoðanir.





Í byrjun febrúar hélt þessi föngulegi hópur leikskólastarfsmanna í Leonardó-ferð til Skotlands og kynnti sér starfsemi á nokkrum leikskólum í Stonehavn og Glasgow. Ferðin tók 8 daga og sögðu ferðalangarnir að hún hefði verið til fyrirmyndar í alla staði hvað skipulag og aðbúnað snerti. Við skoðuðum marga leikskóla og kynntumst skemmtilegu fólki og komum svo heim með fullt af gagnlegum fróðleik sem við ætlum að miðla af til samstarfsmanna okkar. Myndin af hópnum var tekin á leikskólanum Laugaborg. Sitjandi t.v. Elín Guðmundsdóttir, Laugaborg, Svanbjörg G. Hinriksdóttir, Lækjaborg, Jóna Björg Sigurðardóttir, Lækjaborg og aftast er hún Huguína Þorsteinsdóttir, Laugaborg.

Leonardó slær í gegn á Íslandi 25 námsferðir til Evrópu

Mikil viðurkenning fyrir starf Eflingar

- segir Garðar Vilhjálmsson, fræðslustjóri

Efling-stéttarfélag hefur fengið úthlutað um tveimur milljónum króna til að senda félagsmenn í kynnis- og námsferðir til annarra Evrópulanda á vegum Leonardó starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins. Um er að ræða vikudvöl þar sem félagsmenn Eflingar í ýmsum starfsgreinum kynna sér sambærileg störf erlendis. Við höfum orðið talsvert mikla reynslu af þessum ferðum og þær hafa skilað félagsmönnum okkar mikilli þekkingu, aukið viðsýni og veitt mörgum nýtt sjónarhorn á starfsvettvang sinn, segir Garðar Vilhjálmsson um þessa nýju úthlutun til

Eflingar. Við lítum á þetta framlag til okkar núna sem viðurkenningu fyrir starf Eflingar, segir hann.

Efling-stéttarfélag sækir tvisvar á ári um þessa styrki en áður þurfa fyrirtæki þeirra starfsmanna sem vilja sækja um að komast í þessar ferðir að hafa komið upp sambandi við sambærilegt fyrirtæki erlendis. Þeir félagsmenn sem fara í þessar ferðir þurfa síðan að koma nýrri þekkingu á framfæri við sinn vinnustað hér heima og vera tilbúnir að kynna samstarfsmönnum það sem þeir sjá og læra í þessum ferðum.

Þegar hafa á fjórða tug félagsmanna

farið í þessar ferðir og allir lýst ánægju með ferðirnar. Þær eru upplýsandi og gefa starfsmönnum nýja sýn á störfin sem nýtist þegar heim er komið.

Starfsmenntasjóðir Eflingar styrkja þessar ferðir einnig þannig að félagsmenn eiga ekki að bera neinn kostnað að ferðunum, en gert er ráð fyrir að starfsmenn séu á launum hjá atvinnurekanda sínum þá viku sem ferðin tekur. Efling mun sækja að nýju um þessar ferðir í haust og þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að vera með í þeirri umsókn geta haft samband Garðar Vilhjálmsson, fræðslustjóra Eflingar.



1. maí er baráttudagur

Tökum þátt í kröfugöngu og útifundi

Efling-stéttarfélag hvetur félagsmenn sína til að taka þátt í kröfugöngunni á baráttudegi verkafólks, 1. maí. Gangan leggur af stað frá Skólavörðuholti framan við Hallgrímskirkju kl. 14.00 og útifundur hefst síðan á Ingólfstorgi um 14.30.

Þegar útifundinum lýkur er félagsmönnum Eflingar-stéttarfélags boðið í 1. maí kaffi í Kiwanishúsinu.

Fróðleiksmolar

**Ertu á réttum launum?
Ertu kannski á „jafnaðar-
launum“? Má það?**

Svar: Það er ekkert til í kjarasamningum sem heitir jafnaðarlaun

Er orlof innifalið í launum þínum?

Það er óheimilt að greiða orlofið með launum.



Vanur maður við stýrið á vörubílnum

Rætt við Guðmund Helgason, bílstjóra hjá Landflutningum-Samskip

Í eltingaleik við breska togara

Þegar strandsiglingar voru lagðar niður fyrir mörgum árum hófst nýtt tímabil í vöruflutningum á landsbyggðinni. Akstur vöruflutningabíla og gámaflutningabíla á þjóðvegum jókst gríðarlega. Það er ábyrgðarhlutverk að stýra þessum stóru bifreiðum í umferð-

inni. Það veit Guðmundur Helgason, bílstjóri betur en flestir en hann var einmitt við störf þegar fyrstu gámarnir komu til landsins. Hann fékk vinnu á fyrsta gámalýftaranum hjá Skipadeild SÍS árið 1982. Guðmundur hefur lent í eftirminnilegum ferðum við erfiðar

Þetta var mikið ævintýri fyrir ungan mann á þessum tíma



aðstæður. Hann segir okkur frá ýmsu sem á daga hans hefur drifið. Spjall okkar hefst á ferð hans um Ísafjarðardjúp fyrir allmörgum árum.

Ég lagði af stað seinnipart dags frá Reykjavík vestur til Súðavíkur og gekk allt að óskum á leiðinni og lauk ég erindi mínu á tilsettum tíma. Þegar ég ætlaði að halda ferðinni áfram ásamt fleiri flutningabílum var okkur tilkynnt að búið væri að loka veginum vegna snjóflóðahættu og best væri að við frestuðum frekari ferðalögum til morguns. Næsta dag vöknudum við snemma og eftir að hafa snætt morgunverð var haldið af stað til Ísafjarðar. Ég átti að sækja gám og flytja hann til Reykjavíkur. Þegar ég hafði lokið við að tengja hann var farið að nálgast hádegi og ég ákvað að leggja strax af stað til að nýta dagsbirtuna. Þá var kominn sunnanátt með ausandi rigningu og mikill krapí hafði myndast á veginum. Ég ók inní Djúp og hélt svo áfram í Mjóafjörð. Skyggnið var mjög slæmt og erfitt að sjá út um framrúðuna. Allt í einu fór bíllinn að renna en stöðvaðist svo skyndilega í snjóskafla og náði krapaelgurinn uppá miðja framrúðu. Þar sat bíllinn pikkfastur, mestan hluta dagsins þangað til að veghefill sem átti leið hjá bauðst til að kippa honum úr skaflinum.

Kærkominn morgunverður

Þá gat ég loksins haldið ferðinni áfram. Þegar ég kom að veitingarskalanum Brú í Hrutafirði næsta morgun, hafði ég verið á ferðinni í heilan sólahring án þess að fá vott né þurrt. Það var því kærkominn morgunverður sem beið mín.

Þegar ég hafði lokið mér af og ætlaði að halda áfram kom ljós að Norðurá hafði flætt yfir veginn í Borgarfirði og öll umferð hafði stöðvast. Ég þurfti því að bíða enn um sinn og var ekki kominn í bæinn fyrr en seinnipart dagsins. Þá hafði ferðin tekið tvo sólahringa og þú mátt trúa því að ég var afskaplega feginn að komast heim.

Sem betur fer er þetta ekki algeng lýsing á ferðum okkar, þó að akstursaðstæður séu oft mjög erfiðar í vondu veðri um hávetur. Sérstaklega uppi á heiðum eða í bröttum brekkum og þar

sem aðkoma að brúm er þröng. Eins geta sterkir vindstrengir sem myndast við fjöll, þegar vindar blása, tafið fyrir og það tekur á taugarnar.

Guðmundur man eftir fyrsta vörulyftaranum sem kom hingað til lands og við biðjum hann um að rifja þetta upp.

Gámaflutningar hefjast

Þessi fyrsti gámalyftari var ekki stór miðað við lyftara sem eru notaðir núna, en hann hafi samt dugað til að lyfta gámunum upp á þar til gerðar grindur á hjólum. Svo drógu dráttarbílar þær á áfangastað. Vorið 1983 var ég svo fluttur yfir á fyrsta dráttarbílinn sem Skipadeildin eignaðist og þá hófust afskipti mín af gámaflutningum út á landsbyggðina fyrir alvöru.

Fyrstu ferðirnar voru með fiskigáma suður með sjó og til Ólafsvíkur og ýmsir aðrir flutningar m.a. til Akureyrar.

Svo varð hlé á akstrinum hjá mér 1987 þegar dráttarbílinn var seldur og samið var við verktaka um flutningana, sem leigði bíla með bílstjórum. Þá var ég færður til í starfi og vann í vöruhúsi í Holtagörðum og turnhúsinu á Holtabakka. Í desember 1989 var mér boðið að fara í áhöfn til Þýskalands og sækja Arnarfallið, sem var nýtt strandferðarskip. Við áttum að sigla því hingað heim. Ég tók því fegins hendi og ferðin tókst í alla staði mjög vel. Síðan var ég í strandsiglingum fram á vor og sigldi á hafnir á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi og enduðum svo á Akureyri. En Ríkisskip sá um allan flutning til staða á Norðaustur- og Austurlandi og á Suðurlandi.

Losnaði við sjóveikina á varðskipinu Albert

Var sjóveikin varð ekkert að angra þig?

Nei, sem betur fer losnaði ég við sjóveikina þegar ég var á varðskipi hjá Landhelgisgæslunni. Ég flutti í bæinn frá Hamarsfirði sem er rétt hjá Djúpavogi, þegar ég var 16 ára gamall og fór að vinna í byggingarvinnu. Tveim árum seinna gerðist ég svo háseti á varðskipinu Albert sem var 200 tonna stálbátur og vel þekkur fyrir framgöngu sína í 12 mílna landhelgisstríðinu, sem lauk skömmu áður en ég kom um borð. En það kom ekki að sök því ég varð strax þátttakandi í eltingarleik við breska togara, sem voru fyrir innan 12 mílur og reyndu að stinga af þegar átti að taka þá og flytja til hafnar. Sumir reyndu að sigla á okkur og oft sá maður einhverja úr áhöfninni reyna að höggva trollið aftur



Strákarnir kunna vel að meta hann Guðmund Helgason

an úr togurum til að forða sönnunarögnum. Stundum tókst það og þá þurftum við að snúa við og slæða það upp til að sanna staðsetningu togarans. Þetta var mikið ævintýri fyrir ungan mann á þessum tíma, segir Guðmundur og brosir.

Þegar þú komst í land hvað tók þá við hjá þér?

Ég fór að keyra dráttarbíl sem var notaður til að fara með gáma frá skipi og í gámastæður á Holtabakka. En svo breyttist fyrirkomulagið með gámaflutningabílana, þannig að þeir voru leigðir án bílstjóra og þá fór ég aftur í gámaflutninga. Síðan tók Norðurál til starfa árið 1998 og þá fékk Samskip allan flutning fyrir fyrirtækið. Við sáum um að koma gámunum sem álið var flutt í, um borð í skip í Reykjavík og fara svo með ýmsan varning aftur upp í Hvalfjörð.

Á tuttugu árum hafa væntanlega

orðið miklar breytingar?

Jú, miklar framfarir hafa átt sér stað og bílarnir eru orðnir miklu betri og skemmtilegri. Svo hafa líka átt sér stað miklar breytingar á umferðinni um allt land með betri vegum og álagið við aksturinn hefur því aukist töluvert af þeim völdum. Einnig er plássíð orðið takmarkað innanbæja fyrir þessi stóru tæki og þá þarf oft mikla útsjónarsemi til að komast leiðar sinnar.

Hvaða merkingu hefur 1. maí í þínu huga?

1. maí var fyrst og fremst baráttudagur fyrir bættum kjörum verkafólks mestan hluta síðustu aldar. En núna snýst hann meira um gönguferðir og ræðuhöld, sem ég held að hafi lítil áhrif á afkomu fólks. Ég held samt að það sé nauðsynlegt að halda 1. maí því dagurinn minnir okkur á að halda vöku okkar og meta það sem áunnist hefur, segir Guðmundur að lokum alvarlegur á svip.

BÓN- OG ÞVOTTASTÖÐIN

Sóltúni 3
Sími 551 4820

Moby Dick 10 ára

Matarkista fyrir hvali í Garðasjó



Stórfenglegar myndir af hvölum hafa laðað marga ferðamenn til landsins

Hvalaskoðun hefur farið ört vaxandi á undanförunum árum og núna er hægt að fara í skipulagðar ferðir víða um land og skoða þessar stórkostlegu skepnur. Fyrir skömmu kom fram að elsta fyrirtækið sem byði uppá slíkar ferðir, Moby Dick hvalaskoðun í Keflavík, ætti 10 ára afmæli á þessu ári og

pótti forvitnilegt hvernig fyrirtækið héldi upp á svona stórafmæli. Helga Ingimundardóttir er einn af eigendum fyrirtækisins og jafnframt framkvæmdarstjóri. Hún sagði okkur frá fyrirtækinu.

Við hittumst um borð í hvalaskoðunarbátinum Moby Dick, sem lá í höfninni

í Keflavík. Maður á dekki var eitthvað að snurfusa og það fór ekki á milli mála að vertíðin var að hefjast. Skömmu seinna kom Helga og við klifruðum um borð bátinn með nokkrum erfiðismunum og við tylltum okkur niður í borðsalnum.

En hvenær var fyrsta hvalaskoðunarferðin farin?

Ég hóf formlega afskipti af hvalaskoðun árið 1994 í samvinnu við bátaeigendur og fór með fyrsta hópinn út á sjó 10. júlí það sama ár. Þessi samvinna hélst svo næstu árin þangað til við keyptum þennan bát árið 2001. Hann hét áður Fagranes og var í siglinum á Ísafjarðardjúpi til ársins 1990.

Hvernig hefur reksturinn gengið?

Hann hefur gengið mjög vel og þessi ár hafa verið hreint ævintýrleg í alla staði. Farþegum hefur fjölgað jafnt og þétt og það er búið að vera mjög skemmtilegt að fylgjast með þróuninni í þessari atvinnugrein frá upphafi. Svo hefur líka verið mikil lífsreynsla að sjá hversu mikil áhrif starfsemi okkar hefur haft á ferðaþjónustuna á Reykjanesi.



Við áætluðum að fyrsta ferðin á þessu ári verði farin 3. apríl. En það fer að sjálf-sögðu eftir veðri hvort okkur tekst að standa við þá dagsetningu. Síðan verður farið í tvær ferðir á dag og er fyrri ferðin klukkan 9 á morgnana en seinni ferðin klukkan hálf eitt. Svæðið þar sem hvalurinn heldur sig nefnist Garðasjór og tekur rúmar 20 mínútur að sigla þangað. Það telst til algjörar undantekningar ef okkur tekst ekki að finna hvali því að þannig háttar til í lífríkinu að þar er stór matarkista fyrir dýrin og þau sækja mikið í hana. Samhliða þessu erum við svo með sjóstangaveiðiferðir bæði fyrir litla og stóra hópa sem hafa notið mikilla vinsælda.

Ætlið þið að halda sérstaklega uppá afmælið?

Já, við ætlum m.a. að brydda upp á þeirri nýjung að bjóða uppá pakkaferðir sem samanstanda af skoðunarferð um Reykjanes í rútu og svo verður hægt að velja um sjóstangaveiði eða hvalaskoðunarferð á eftir. Þessi ferð gæti t.d. hent að vel fyrir fjölskyldur eða aðra hópa sem vilja eyða deginum saman og upplifa smá ævintýri. Svo ætlum við líka að



Helga Ingimundardóttir er bjartsýn á reksturinn

bjóða almenningi uppá afslátt í hvalaskoðunarferðir á tilteknum dögum sem verða auglýstir síðar. Mér finnst að Íslendingar hafi ekki verið nógu duglegir

að notfæra sér þjónustu okkar og með þessu tilboði viljum við gefa þeim tækifæri til að bæta úr því, sagði Helga að lokum.

Njóttu dagsins

Taktu flugið

Hafðu samband við Bergþóru eða Kristjönu í síma **570 30 35** hopadeild@flugfelag.is

flugfelag.is

Árshátíðarslaufur

Starfsmannafélög, klúbbar, hópar...
Látið okkur hnýta árshátíðarslaufuna

Litríkar og eftirminnilegar árshátíðarslaufur til:

Akureyrar

Egilsstaða

Ísafjarðar

Reykjavíkur

Færeyja

Frábærir gistinguðir. Gerum tilboð í flug, gistingu og hátíðarkvöldverð.

Tryggið ykkar sæti í tíma!

FLUGFÉLAG ÍSLANDS





Hólmfríður Guðmundsdóttir leiðbeinir áhugasömum þátttakendum á námskeiðinu

Aftur í nám

Að sigrast á lesblindunni

Í Gamla Stýrimannakólanum við Öldugötu hafa félagar í Eflingu og VR tekið þátt í námskeiði sem ber yfirskriftina „Aftur í nám“ og er fyrir fólk með lesblindu. Svokallaðar Davíðs-að-

ferðir eru notaðar við námið og hafa þátttakendur sótt einkatíma eftir að hafa verið í sjálfsstyrkingu, en eru núna byrjaðir í íslensku og tölvutímum. Mímir-símenntun sá um skipulagn-

ingu námsins og miðað við móttökur virðist hún hafa tekist vel. Blaðið heimsótti þátttakendur fyrir skömmu og ræddi við tvo nemendur um reynslu þeirra af lesblindu og námskeiðinu.



Ingi B. Guðmundsson

Hver dagur ótrúleg upplifun

- segir Ingi B. Guðmundsson

Ingi B. Guðmundsson, öryggisvörður hjá Vífilfelli segir, að lesblindan hafi háð sér frá barnsaldri og það hafi valdið sér miklum erfiðleikum þegar hann var í skóla. Þá voru miklir fordómar gagnvart þeim sem voru lesblindir og við sem eigum við lesblindu að stríða vorum sögð vera löt og nenntum ekki að læra. En ég var heppinn því að mamma las allt lesmál fyrir mig og það átti stærstan

þátt í því að mér gekk ágætlega með bóklegu fögin og líka í stærðfræði. Mér var mikið strítt í skólanum og ég reyndi alltaf að sitja aftast í bekknum mínum til að láta sem minnst bera á mér.

Á þeim tíma var ekki talað um einelti í skólum. En miðað við umræðuna eins og hún er í dag, þá var framkoma skólafélaga minna og kennara ekkert annað en einelti af verstu gerð. Ég kláraði

barnaskólann en svo varð ekki af frekara námi hjá mér fyrr en nokkrum árum seinna, þegar ég tók meiraprófið og hlaut næsthæstu einkunn sem hefur verið gefin til þessa dags.

Mjög tímafrekt

Ingi segist geta lesið en það gangi frekar seint hjá sér og sé mjög tímafrekt.

Þess vegna ákvað ég að sækja þetta námskeið þegar ég sá það auglýst og sé ekki eftir því. Ég var mjög kvíðinn þegar ég kom í fyrsta tímann en það lagaðist fljótlega og núna met ég hvern skóladag sem ótrúlega upplifun. Ég vona að það sem ég hef lært á námskeiðinu og á eftir að læra þangað til því lýkur, eigi eftir að gagnast mér í lífinu. En það er mikil

heimavinna eftir og mig minnir á kennarinn hafi sagt að maður ætti að skila sjálfum sér 120 tímum í heimavinnu eftir að námskeiðinu lýkur. Eftir það þurfi að viðhalda lestrarkunnáttunni með endalausum sjálfsnámi. Mig hefur alltaf langað til að læra ensku og núna stefni ég að því að láta þann draum rætast, sagði Ingi að lokum.

Vala Sif Jónsdóttir

Lesblindan **háði mér mikið**

Vala Sif Jónsdóttir, ræstitæknir, segir að það hafi háð sér mjög mikið að vera lesblind en samt séu margir þátttakendur á námskeiðinu ver settir en hún og hafi staðið sig mjög vel í náminu. Í mínu tilviki virkar lesblindan þannig að ég á erfitt með að einbeita mér, þegar ég les og sofna yfirleitt fljótlega og man svo ekkert um hvað ég var að lesa. Af þeirri ástæðu m.a. dróst ég aftur úr í skólanum og var álitin tóssi eins og flestir sem þurfa að takast á við afleiðingar lesblindu.

Ég var hálfnuð með hárgreiðslunám í Iðnskólanum þegar ég tók mér barn-

eignafrí. En núna gæti ég alveg hugsað mér að fara í eitthvað annað nám.

Vala segir ennfremur að hún sjái ekki eftir tímanum sem hafi farið í námið. Þetta hefur verið mjög skemmtilegur tími. Þó að námskeiðið sé bara rétt hálfnað, þá er ég sannfærð um að allt sem ég hef lært og á eftir að læra á næstuni eigi eftir að auðvelda mér námið sem ég á vonandi eftir að takast á við í framtíðinni.



Vala Sif Jónsdóttir

Fróðleiksmolar

Munið að geymið alltaf launaseðla. Þú getur þurft að nota þá áður en þig grunar.

Hafðu augun opinn fyrir réttindum þínum!!!

Aðrir munu ekki passa upp á þau fyrir þig!

Ertu að fá „jafnaðarlaun“ fyrir kvöldvinnu?

Hverju er verið að jafna saman ef eingöngu er unnið á kvöldin og um helgar?

Eru iðgjöld í skilum?

Hefur þú hringt eða farið í lífeyris-sjóðinn þinn til að athuga það?

Höfrunga- & hvalaskoðun Keflavík





Daglegar brottfarir frá höfninni í Keflavík.
Sjóstangaveiði.
Kvöldferðir.
Veisluferðir.
Skipuleggjum hópferðir um Reykjanes með leiðsögn.

Upplýsingar í síma
421 7777
Grænt númer 800 8777
Fax 421 3361
GSM 896 5598



www.dolphin.is • e-mail: moby.dick@dolphin.is



Ahn Dao Tran heimsækir Eflingu

Mikilvægt að ná til **erlendra starfsmanna**

Í vetur hefur verið unnið að því að bjóða upp á sérstök námskeið fyrir erlenda félagsmenn í Eflingu-stéttarfélagi. Nú þegar hefur verið haldið námskeið í sjálfstyrkingu með aðstoð pólkstúlks. Það námskeið tókst afar vel. Efling ræddi nýlega við Ahn Dao Tran sem er formaður nýrra samtaka kvenna af erlendum uppruna um hvernig hægt væri að ná betur til starfsmanna af erlendum uppruna.

Ahn Dao kom í heimsókn til Eflingar - stéttarfélags og ræddi við Maríönnu Traustadóttur, Þórunni H. Sveinbjörnsdóttir og Huldu Ólafsdóttir m.a. um fræðslumál erlendra starfsmanna. Í viðræðunum kom fram hversu ólík staða er hjá okkar félagsmönnum eftir því frá hvaða löndum þeir koma og hvaða menning hefur mótað þá.

Það er mikilvægt að nálgast ný tilboð til erlendra starfsmanna með aðstoð

þeirra sem best þekkja svo námið nýtist sem best fyrir þá og þeirra framtíð í nýju landi.

Fjölmennustu hóparnir í Eflingu-stéttarfélagi af erlendu bergi brotnir eru frá Filippseyjum, Taílandi, Póllandi og Norðurlöndunum.

Unnið verður áfram að greina þarfir erlendra starfsmanna með ráðgjöf frá m.a. Ahn Dao Tran og fleirum sem að fræðslumálum koma.

Sendum félagsmönnum Eflingar - stéttarfélags heillaóskir í tilefni af 1. maí, alþjóðlegum baráttudegi verkafólks.

Afl, Starfsgreinafélag Austurlands
Alþýðusamband Vestfjarða
Bífreiðastjórafélagið Sleipnir, Reykjavík
Bífreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf. Smiðjuvegi 14, Kópavogi
Björgun ehf. Sævarhöfða 33, Reykjavík
Borgarbyggð
Eining - lóða, Akureyri
Ernst & Young hf., Ármúla 6, Reykjavík
ET verslun ehf., Klettagörðum 11, Reykjavík
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Félag íslenska hljómlistarmanna
Félag leiðsögumanna
Félagsstofnun stúdenta, v/Hringbraut, Reykjavík
Glertækni ehf. Grænumýri 3, Mosfellsbæ
Grund, elli- og hjúkrunarheimli, Hringbraut 50, Reykjavík
Höldur / Bílaleiga Akureyrar, Skeifunni 9, Reykjavík
Kaupfélag Vestur - Húnavetninga
Landssamband íslenskra verslunarmanna
Landssamband lögreglumanna

Leikskólar Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, Reykjavík
Lífeyrissjóður Vestfirðinga
Mjólkurfræðingafélag Íslands
Nói Síríus hf., Hesthálsi 2-4, Reykjavík
Reykjavíkurhöfn
Seltjarnarneskaupstaður
Sjómannna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Sjómannasamband Íslands
Sjómannfélagið Jötunn, Vestmannaeyjum
Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf., Höfða 2, Húsavík
Smur- bón- og dekkjaþjónustan sf. Sætúni 4, Reykjavík
Verkalýðsfélag Akraness
Verkalýðsfélag Stykkishólms
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélagið Boðinn, Hveragerði
Verkalýðsfélagið Vaka, Siglufirði
Verslunarmannafélag Austurlands
Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar



Nánari upplýsingar hjá þjónustufulltrúanum þínum í næsta útibúi bankans og á www.kbbanki.is.





Trjágöng í garði í Würzburg

Efling á **slóðir Hansakaupmanna**

Undirbúningur fyrir ferð Eflingarstéttarfélags til Danmerkur og Þýskalands í sumar er í fullum gangi. Gist verður í 4 nætur í Travemünde í frábæru hóteli við Eystrasaltsströndina. Þaðan verður farið í skoðunarferðir til Hamborgar og Lübec en þessar borgir eiga sér merka sögu og í báðum höfðu Hansakaupmenn aðsetur á miðöldum þegar þeir áttu verslunarviðskipti við Ísland. Frá Lübec var m.a. salt flutt til Norðurlandanna í gegnum aldirnar.

Frá Travemünde er farið til Goslar í Harsfjöllum en þar verða skoðaðar byggingar frá miðöldum og heimsótt ein best varðveitta náma heims sem unnið var við í samfelld 1000 ár. Hún er nú á heimsminjaskrá Unesco. Frá Goslar er farið til Würzburg en hún á sér merka sögu sem háskóla og tónlistarborg auk þessa að vera umkringd vín-ekrum og vera ein aðal verslunarborg með vín. Borgin er við ána Main en hátt yfir Main gnæfir miðaldavirkið Marinberg.

Á vegum Eflingar eru í sumar skipu-

lagðar tvær ferðir og er farin leiðin suður í fyrri ferðinni en leiðin norður í seinni ferðinni, þannig að annar hópurinn flýgur til Kaupmannahafnar og heim frá Frankfurt en seinni hópurinn kemur til Frankfurt og flýgur heim frá

Kaupmannahöfn.

Nokkur sæti eru laus í ferðirnar sem farnar eru 3. júní og 10 júní.

Frekari upplýsingar eru hjá Huldu í síma 510 7500.



Gamla óperuhúsið í Frankfurt



Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, opnar heimsíðuna og fylgjast gestir spennir með.

Mímír-símenntun

Spennandi heimasíða

Mímír - símenntun opnaði á dögunum nýja og spennandi heimasíðu á netinu sem vert er að vekja athygli og voru fulltrúar frá samtökum og félögum sem standa að skólanum og fleiri gestir viðstaddir. Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri segist mjög ánægð með breytinguna þar sem nýja síðan gefi góða heildarmynd af starfsemi Mímis - símenntunar en sýni ekki bara kvöldskólann eins og áður var.

Á nýju heimasíðunni getur fólk aflað sér upplýsinga um flest öll námskeið sem í boði eru fyrir atvinnulífð hvort heldur eru símenntunarnámskeið, námskeið tengd félagafræðslunni eða almenn námskeið sem eru í boði fyrir fyrirtæki, stéttarfélög, vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og ýmsa aðra.

Stuttar námskeiðslýsingar fylgja hverju námskeiði og nöfn á þeim starfsmönnum sem geta gefið frekari upplýsingar.

Einnig eru birtar tölulegar upplýsingar um starfsemina, svo sem um fjölda námskeiða, aldursdreifingu og kynjahlutfall á námskeiðum.

Hulda segir ennfremur, að fólk sem

sækir námskeið kvöldskólans nýti sér heimasíðuna í vaxandi mæli til að fá upplýsingar og skrá sig á námskeið og að nokkurt hagræði sé af því fyrir alla aðila.

Við höfum fengið jákvæð viðbrögð á heimasíðuna frá samstarfsaðilum og það er nokkuð um það að fólk hringi til að afla frekari upplýsinga vegna áhuga sem

kviknaði við skoðun á síðunni okkar.

Við setjum inn nýtt efni vikulega á annatímum og eitthvað sjaldnar yfir sumartímamann. Einnig stefnum við að því að hafa meira af myndum úr starfi okkar og það gerir heimsóknir á síðuna meira spennandi.

Um að gera að skella sér á www.mimir.is og skoða síðuna.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 106 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

Dæmi um innröðun í nýja launatöflu

Dæmi 1, starfsmaður undir 100.000 kr. tekjum fyrir fullt starf:

- Laun skv. eldri taxa kr. 94.696
- Gert ráð fyrir millifærslu á yfirborgunum 2004 og 2006, þannig að starfsheitið flyst í eftirfarandi launaflokka (sjá launatöflu að framan):
 - * Innröðun í launaflokk 2, árið 2004 og
 - * Innröðun í launaflokk 3, árið 2006
- Starfsaldur 1 ár
- Engin yfirborgun eða bónusar hjá viðkomandi starfsmanni

Starfsmaður raðast í nýju launatöflunni 2004 í launaflokk 2 eftir 1 árs starf með launum sem eru 98.925 kr. Tekjutryggingin fyrir 8 tíma vinnu er hins vegar 100.000 kr. Þannig að þar sem að ekki er um aðrar tekjur að ræða nýtur starfsmaðurinn lágmarks tekjutryggingar 2004. Árið 2005 er launahækkunin 3% og tekjutryggingin er 103.500. Árið 2006 fer starfsheitið í launaflokk 3 og því hækkar starfsmaðurinn um 1 launaflokk, auk þess er hann nú kominn með 3ja ára starfsaldur og hækkar því einnig um starfsaldursþrep. Tekjutryggingin tekur því ekki til launa 2006 með 106.000 kr. og 2007 með 108.000 kr. Almenn launahækkun 2006 er 2,5% og 2,25% árið 2007.

Eldri launataxti 2004	Launaflokkur 2, 1 ár	kr.	94.696
	Tekjutrygging	kr.	98.925
		kr.	1.075
	Samtals laun 2004	kr.	100.000
2005	Launaflokkur 2, 1 ár	kr.	101.893
	Tekjutrygging	kr.	1.607
	Samtals laun 2005	kr.	103.500
2006	Launaflokkur 3, 3 ár	kr.	107.597
2007	Launaflokkur 3, 3 ár	kr.	110.017

Dæmi 2, starfsmaður með breytilegum mætingarbónus:

- Laun skv. eldri taxa kr. 94.696
- Gert ráð fyrir millifærslu á 5% mætingarbónus 2004 og afgangi mætingarbónuss 2006, þannig að starfsheitið flyst í eftirfarandi launaflokka (sjá launatöflu að framan):
 - * Innröðun í launaflokk 4, árið 2004 og
 - * Innröðun í launaflokk 8, árið 2006
- Starfsaldur 3 ár
- Breytilegur mætingarbónus hjá viðkomandi starfsmanni er 10%

taxtann og raðast því í nýju launatöflunni 2004 í launaflokk 4 eftir 3ja ára starf með launum sem eru 103.444 kr. Almenna hækkunin 2005 er 3%. Árið 2006 fer afgangur af mætingarbónus inn í launataxtann og raðast því starfsheitið í launaflokk 8, auk þess sem að hann nú kominn með 5 ára starfsaldur og hækkar því einnig um starfsaldursþrep. Almenn launahækkun 2006 er 2,5% og 2,25% árið 2007.

Samtals voru laun áður 104.166 kr með 10% mætingarbónus (94.696 + 9.470). Starfsmaður leggur inn helminginn af mætingarbónus inn í launa-

Eldri launataxti	Mætingarbónus 10%	kr.	94.696
		kr.	9.470
	Samtals laun áður	kr.	104.166
2004	Launaflokkur 4, 3 ár	kr.	103.444
	Mætingarbónus, 5%	kr.	5.172
	Samtals laun 2004	kr.	108.616
2005	Launaflokkur 4, 3 ár	kr.	106.547
	Mætingarbónus, 5%	kr.	5.327
	Samtals laun 2005	kr.	111.874
2006	Launaflokkur 8, 5 ár	kr.	117.651
2007	Launaflokkur 8, 5 ár	kr.	120.298

Dæmi 3, starfsmaður með yfirborgun:

- Laun skv. eldri taxa kr. 94.696
- Gert ráð fyrir millifærslu á yfirborgunum 2004 og 2006, þannig að starfsheitið flyst í eftirfarandi launaflokka:
 - * Innröðun í launaflokk 4, árið 2004 og
 - * Innröðun í launaflokk 6, árið 2006
- Starfsaldur 5 ár
- Yfirborgun hjá viðkomandi starfsmanni er 15.000 kr.

Taxatakaupið í nýju launatöflunni 2004 er 104.995 kr. í launaflokki 4 eftir 5 ára starf. Samtals laun áður með yfirborgun (94.696 + 15.000 = 109.696

kr.) voru hærri og fær því viðkomandi starfsmaður almenna launahækkun (3,25%) á 109.696 kr. sem gerir 113.261 kr. Hlutfall yfirborgunar hefur

því lækkað en taxti færður nær greiddu kaupi. Almenna hækkunin 2005 er 3%. Árið 2006 fer starfsheitið í launaflokk 6 og því hækkar starfsmaðurinn um 2 launaflokka auk þess er hann nú kominn með 7 ára starfsaldur og hækkar því einnig um starfsaldursþrep. Nú fer aftur hluti af yfirborgun inn í taxa. Almenn launahækkun 2006 er 2,5% og 2,25% 2007. Öryggisnetið hjá viðkomandi starfsmanni hefur verið stækkað til muna þar sem að 7 ára taxti hefur bæst við, auk þeirrar lágmarkstryggingar sem felst í fjölgun launaflokka.

Eldri launataxti		kr.	94.696
	Yfirborgun	kr.	15.000
	Samtals laun áður	kr.	109.696
2004	Launaflokkur 4, 5 ár	kr.	104.995
	Yfirborgun	kr.	8.266
	Samtals laun 2004		
	3,25% almenn hækkun	kr.	113.261
2005	Launaflokkur 4, 5 ár	kr.	108.145
	Yfirborgun	kr.	8.514
	Samtals laun 2005		
	3% almenn hækkun	kr.	116.659
2006	Launaflokkur 6, 7 ár	kr.	115.912
	Yfirborgun	kr.	3.663
	Samtals laun 2006		
	2,5% almenn hækkun	kr.	119.575
2007	Launaflokkur 6, 7 ár	kr.	118.520
	Yfirborgun	kr.	3.745
	Samtals laun 2007		
	2,25% almenn hækkun	kr.	122.265

Starfsmaður!
Gleymdist að kjósa öryggistrúnaðarmann
á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa **öryggistrúnaðarmaður** og **öryggisvörður**.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa **öryggisnefnd**.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast **atvinnurekandi** eða **verkstjóri** vinnuverndarmál í samstarfi við starfsmenn og **félagslegan trúnaðarmann**.

Öryggistrúnaðarmaður!
Öryggisvörður!
Trúnaðarmaður stéttarfélags!
Verkstjóri! Stjórnandi!

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil vinnuverndarstörf heldur Vinnueftirlitið **NÁMSKEIÐ** um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Leitið upplýsinga um næsta námskeið.



VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is - www.vinnueftirlit.is



Guðmundur Þ Jónsson á vinnustaðafundi í þrjónastofunni lðunni árið 1981

Fataiðnaðurinn var fjölmenn grein.

Allt frá líkklæðum til fínasta samkvæmisfatnaðar

- Guðmundur Þ Jónsson man tímana tvenna í fataiðnaði

Guðmundur Þ Jónsson var síðasti formaður lðju, félags verksmiðjufólks en félagið sameinaðist Eflingu árið 2000. Fataiðnaður var lengi vel einhver öflugasta iðngreinin innan félagsins og sumir segja að það hefi verið saumakonur innan félagsins sem á sínum tíma komu Guðmundi í formannssætið. Fréttablað Eflingar tók Guðmund tali um þróun þessarar iðngreinar á Íslandi.

Fyrir um það bil 20 árum síðan var þessi grein ein fjölmennasta greinin í iðnframleiðslu á Íslandi, segir Guðmundur. Þegar ég hóf afskipti af lðju, félagi verksmiðjufólks fyrir tæpum fjórum áratugum var starfsfólk í fataframleiðslu, leður- og skóíðnaði lang fjölmennasta greinin í félaginu. Á höfuðborgarsvæðinu og víða út um land voru starfandi fjölmargar verksmiðjur sem framleiddu allar hugsanlegar tegundir af fatnaði, allt frá líkklæðum til flottasta samkvæmisfatnaðar.

Það var upp úr 1980 sem fór að halla undan fæti í þessum iðnaði og um 1985 fer að fækka all verulega í hópi saumakvænna, en konur voru eðlilega miklu fjölmennari en karlmenn í þessum iðnaði. Þegar flestar saumakonur voru í félaginu voru þær rúmlega eittþúsund en þeim fækkaði mjög hratt á árunum 1985 til 1987 og voru á milli 3-400 hundruð í lok áratugarins.

En hvað fóru þessar konur að gera?

Á þessum árum var næga atvinnu að hafa og flestar, og kannski allar þær kon-

ur sem misstu vinnuna í starfsgreininni fengu vinnu við önnur störf. Mjög margar fóru að vinna við ummönnumarstörf á spítulunum, dvalarheimilum og öðrum umönnunarstofnunum.

Vissulega var það af hinu góða að flestir fengu vinnu en það var þó einn hængur á. Margar eða margir sem unnið hafði við fataframleiðslu mjög lengi, jafnvel í áratugi og áunnið sér ýmis réttindi vegna langs starfsaldurs fluttu ekki þessi áunnu réttindi með sér á nýjan vinnustað. Heldur máttu byrja upp á nýtt sem var að sjálfsgöðu mjög bagalegt þar sem oftast en ekki var um fullorðið fólk að ræða.

En hver er framtíðin í greininni?

Ennþá fækkar í greininni. Nú hefur framleiðslan fluttst úr landi og ótrúlegt að hún komi til baka í bráð. Framleiðslukostnaðurinn er minni annarstaðar. Launin lægri og réttindin minni. Þó hefur vinna við saumaskap aldrei verið talin til hálaunastarfa á Íslandi. En það er auðvitað umhugsunarefni hvernig bregðast skuli við því þegar störf flytjast úr landi vegna lægri launa erlendis. Hér þar verkalýðshreyfingin að spyrja sig spurninga um alþjóðlega samvinnu, atvinnurekstur virðist ekki eiga sér landamæri, því skyldum við þá ekki vinna nánar með verkalýðshreyfingunni í öðrum löndum, sagði Guðmundur Þ að lokum.

Það er auðvitað umhugsunarefni hvernig bregðast skuli við því þegar störf flytjast úr landi vegna lægri launa erlendis



Viðtal við eiganda Sjóklæðagerðarinnar HF sem framleiðir 66°Norður fatnað

Erfitt að flytja **framleiðsluna úr landi**

- segir Þórarinn Elmar Jensen

Hvað varð um íslenskan fataiðnað hugsa ég oft þegar ég geng um í Kringlunni eða Smáralind. Ef skoðunarferðin tekur lengri tíma en venjulega fæ ég mér sæti í þægilegum stól eða sófa og tek til við að rifja upp gamla tíma. Þá var nefnilega mun einfaldara að eignast góðan fatnað. Ég átti t.d. Gefjunarúlpu sem flestir á mínum aldri muna eftir. Fermingarföt frá sama fyrirtæki og Íðunnarskó sem voru jafnvígir á dansgólfinu og fótboltavellinum og komu frá Akureyri. Regngallarnir frá Sjóklæðagerðinni voru líka mjög vinsælir og á köldum vetrardögum var ég í síðum ullarnærbuxum, sennilega frá sama fyrirtæki. Svona mætti lengi telja. Svo fer ég að hugsa hvað hafi orðið um allt fólkið sem bjó þennan fatnað til og þá vandast málið vegna þess að ég hef enga hugmynd það.

Þórarinn Elmar Jensen, eigandi Sjóklæðagerðarinnar hf þekkir sögu fataiðnaðarins á Íslandi af eigin reynslu Fréttablað Eflingar ákvað að heimsækja hann suður í Garðabæ þar sem 66°Norður er til húsa og leita svara við nokkrum spurningum varðandi þetta mál. Elmar tók vel á móti okkur og fór með okkur í skoðunarferð um fyrirtækið en síðan settumst við niður í rúm-góðu fundarherbergi og byrjuðum að spjalla saman.

Fyrst spurði ég hvenær afskipti hans af íslenskum fataiðnaði hafi byrjað?

Það var fljótlega eftir að ég lauk námi úr Verslunarskólanum. Davíð S. Jónsson, heildsali hafði samband við mig og bauð mér starf sem ég þáði og saman eignuðumst við svo fataverksmiðjuna



Þórarinn Elmar Jensen með bláa vinylglófann sem flestir sjómenn þekkja

MAX hf. Hún var stofnuð árið 1941 af Hjálmarí Þorsteinssyni, trésmiðameistara og framleiddi vinsælan undirfatnað úr þrjónasilki og næloni. Fyrirtækinu

fylgdi ein vélasamstæða með fjórum saumavélum í borði og fjórar konur sem

Frambald á blaðsíðu 44



Viðtækur stuðningur við

Verkfall námuverkafólks í Utah

Barátta verkafólks í Co-op námunni í Huntington í Utah í Bandaríkjunum kom upp á yfirborðið 22. september 2003 þegar námuverkafólkið gekk út til þess að mótmæla óöruggum vinnu- aðstæðum og brottvikningu samverkamanns. Honum var vísað úr starfi fyrir að neita að taka á sig ábyrgð á óöruggum vinnu- aðstæðum, en hann var ásamt fleirum að vinna að því að stofna deild í Sambandi námaverkafólks í Bandaríkjunum, UMWA, í námunni. Fyrirtækið, sem heitir C.W. Mining Co, rak verkamennina sjötíu og fjóra, sem kröfðust þess að bragði að fá störf sín aftur og stofna verkalýðsfélagsdeild. Ólöf Andra Proppé hefur fylgst með baráttu námufólksins og segir hér frá framvindu verkfallsins.

Verkafólkið nýtur stuðnings Sambands námaverkamanna í átökunum við fyrirtækið. Kröfurnar eru að verkalýðsfélagið verði viðurkennt, að allir fái störf sín aftur og afturvirk laun. Verkafólkið heldur uppi verkfallsvakt við námuna og hvetur námaverkamenn

og aðra til að styðja sig. Lág laun og hrikalegar öryggis- aðstæður eru mikil- vægustu málin í baráttunni. Launin sem fyrirtækið greiðir eru um það bil þrið- ungur af því sem samningar í greininni hljóða uppá og verkafólkið var oft þvingað til þess að vinna með bilaðan búnað og tæki sem yfirmennirnir neit- uðu að láta gera við.

Verkfallsmenn segja að komið hafi fyrir að menn hafi verið sendir inn í námuna til að bjarga búnaði eftir að loft hafði hrunið. Lítið var um sjúkratrygg-

ingar og engin eftirlaunaréttindi, en í Bandaríkjunum eru slík réttindi bundin við fyrirtæki. Eigendur fyrirtækisins héldu að þeir kæmust upp með þetta þar sem flest verkafólki er innflytjend- ur frá Mexíkó. Annað kom á daginn.

Viljum öryggi á vinnustaðnum!

Námuverkafólkið stendur verk- fallsvaktina við námuna með skilti og gerir vegfarendum viðvart um verkfall- ið. Dæmi um áletranir eru: „Mótmæl- um ósanngjarnri framkomu Co-op við verkafólk - við viljum störfin okkar aft- ur“, „Við viljum öruggan vinnustað“ og „Við erum að berjast fyrir sæmd og virðingu“. Verkfallsmenn ræða við verka- fólk, sem fyrirtækið reynir að ráða í þeirra stað um að fremja ekki verkfalls- brot heldur leita að vinnu annars stað- ar. Einnig hefur það stoppað vörubíla sem eru sækja kol og rætt við bílstjórana um að tala við yfirmenn sína og biðja þá um að eiga ekki viðskipti við C.W. Mining heldur kaupa kol í annarri námu.

Verkafólkið hefur aflað viðtæks stuðnings við baráttu sína. Pen- inga- og matarsendingar og stuðningskveðjur hafa borist frá verkafólki í öðrum námum og öðrum iðnaði víðs vegar að úr Bandaríkjunum.



Verkfallsmenn hafa sett upp stórt skilti við veginn að námunni með upplýsingum um aðra námu þar sem hægt er að kaupa kol.

Verkafólkið hefur aflað víðtæks stuðnings við baráttu sína. Peninga- og matarsendingar og stuðningskveðjur hafa borist frá verkafólki í öðrum námunum og öðrum iðnaði víðs vegar að úr Bandaríkjunum. Námsfólk og aðrir í nágrannabæjunum hafa tekið þátt í aðgerðum og söfnun til stuðnings þeim. Sendinefndir frá öðrum félagsdeildum hafa komið í heimsókn á verkfallsvaktina og verkfallsmenn hafa þekkt boð um að heimsækja aðra bæi og fylki til þess að segja frá baráttu sinni. Kveðjur hafa borist frá námaverkafólki á Nýja-Sjálandi og Landssambandi námaverkamanna í Bretlandi. Áframhaldandi stuðningur er nauðsynlegur ef verkafólkinu á að takast að halda út lengur en fyrirtækinu.

Margir þeirra sem stutt hafa baráttuna hafa lýst ánægju sinni með að einhver skuli standa upp í hárinu á Kingston fjölskyldunni, eigendum námunnar. Hún á fyrirtæki í sex öðrum fylkjum í vesturhluta Bandaríkjanna sem hún rekur með svipuðum hætti og Co-op námuna. Fjölskyldan er einnig sértrúarflokkur, alræmdur fyrir fjölkvæni og illa meðferð á konum.

Reynt að hræða til uppgjafar

Í mars reyndu eigendur fyrirtækisins að hræða verkafólkið til uppgjafar. Það sendi öllum bréf um „að ef það hætti ekki verkfallinu tafarlaust mundi það glata öllum réttindum til vinnu eða bóta, núna og í framtíðinni.“ Þetta hafa eigendurnir áður sagt. Krafa þeirra er að verkafólkið dragi til baka fullyrðingar um að það hafi verið rekið, að svokallað verkalýðsfélag sem eigendurnir hafa sett á stofn í námunni fari með samn-





Karl Ó. Karlsson

Lára V. Júlíusdóttir

Atli Gíslason

Efling-stéttarfélag

Viðtalstímar **lögmannna**

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverj-

um þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlíusdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.00.

ingsréttinn fyrir það og þá geti það kannski fengið vinnuna aftur. Margir segja að þeir hafi aldrei heyrt um slíkt félag fyrr en þeir fóru í herferð fyrir stofnun félagsdeildar í Sambandi námaverkamanna, og aldrei séð neinn samning af þess hálfu. Baráttan sem staðið hefur síðan í lok september heldur því áfram.

Samband námaverkamanna hefur lýst yfir fullum stuðningi við baráttuna og á þingi þess í lok september sagði Cecil Roberts, forseti félagsins: „Við stöndum með þessu verkafólki í baráttu sinni fyrir réttlæti og virðingu ... við lítum svo á að árás á einn sé árás á alla.“

Samband námaverkamanna var áður eitt sterkasta verkalýðssamband í Bandaríkjunum en hefur veikt undanfarna tvo áratugi. Námun þar sem samband-

ið er viðurkenndur samningsaðili hefur fækkað. Námaverkamenn sem komnir eru á eftirlaun og fóru í gegnum mikilvæg verkalýðsátök á 8. áratugnum benda á að sigur verkafólksins í Co-op geti hleypt nýju lífi í Samband námaverkamanna. Einnig hafa þeir bent á mikilvægi samstöðu innfæddra námamanna og innflytjenda í því að efla verkalýðsfélagið. Jesús Salazar, einn af leiðtogum verkfallsmanna, sagði á þinginu: „Við erum staðráðin í að berjast þar til þessi náma verður innan vébanda Sambands námaverkamanna og við getum bundið enda á illa meðferð og gríðarlegt arðrán sem við höfum mátt þola.“

Hægt er að lesa meira um málið á heimasíðu Sambands námaverkamanna í Bandaríkjunum www.umwa.org

ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI ÖLL ÖKURÉTTINDI

Ný námskeið vikulega

www.nyiokuskolinn.is

NÝ ÖKUSKÓLINN

SÍMI: 588 4500 • 898 3903



Sagt er að eldri félagsmenn Eflingar bíði eftir maí skemmtun á hverju ári

Frábær skemmtun eldri félagsmanna

Söngur og hlátur á Broadway

Eldri Eflingarfélagar og gestir þeirra troðfylltu Broadway á kaffisamsæti félagsins fyrir félagsmenn sem eru 70 ára og eldri. Hátt í ellefu hundruð félagar mættu á staðinn og það fór ekki fram-

hjá neinum að fólk skemmti sér hið besta og rifjaði upp kynnin frá fyrri árum.

Þetta var sannkölluð veisla fyrir augu og eyru sem fólk kunni greinilega að

meta. Allt var með svipuðu sniði og verið hefur á undanförunum árum. Guðmundur Þ Jónsson stýrði samkomunni af röggsemi og festu og Sigurður Bessason formaður félagsins flutti ávarp.

Vandað var til skemmtikrafta að venju. Hljómsveit sem kallar sig Sælusveitin lék í byrjun og aftur fyrir dansi í lokin. Hljómsveitina skipa þeir Hermann Arason og Níels Ragnarsson. Söngkvöldafélagið söng fyrir gesti en sveitina skipa sjö félagar þeir Grétar Ingi Grétarsson, Gunnar Reynir Þorsteins-son, Helgi Þór Ingason, Kormákur Bragason, Matthías Stefánsson, Ólafur Sigurðsson og Ólafur Þórðarson og fengu þeir félagar góðar viðtökur og þá ekki síður hinn viðfrægi og vinsæli Jóhannes Kristjánsson eftirherma sem kallaði fram innilegan og dyllandi hlátur gesta eins og honum einum er lagið.

Ljósmyndari okkar var á staðnum og smelti af þessum myndum af ánægðum eldri félagsmönnum.



Sælusveitin tók margar léttar sveiflur



Garðar Vilhjálmsson, fræðslustjóri Eflingar ræðir við krakkana í MS

Efling í MS

Skemmtilegar umræður við ungt fólk

Starfsmenn af skrifstofu Eflingar fóru nú í vor í heimsókn í lífsleikni-tíma í 1. bekk Menntaskólans við Sund. Í þessum heimsóknum ræða starfsmenn Eflingar við unglingana um þau grundvallarréttindi sem gilda fyrir launafólk á vinnumarkaði en kannanir hafa sýnt að u.þ.b. 70% 16-17 ára unglinga vinna með skóla.

Ásamt umfjöllun um almenn réttindi á vinnumarkaði, s.s. lágmarkslaun, vinnutíma, veikinda- og uppsagnarrétt, spinnast oft skemmtilegar umræður um vinnumarkaðinn og verkalyðshreyfinguna, lífeyrissjóði og tilgang þeirra og margt fleira á þessum fundum.

Meðfylgjandi myndir voru teknar í einni heimsókninni í apríl s.l.



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Heildarlausnir

Frá hugmynd
að fullunnu verki



HÉÐINN

Stórá 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Fjármálanámskeið Eflingar

120 milljónir í ævitekjur - eftir eru viðhaldsfrekt hús og bílræfill

- þessu er hægt að breyta segir Ingólfur Ingólfsson

Efling hefur nú í þrjú ár boðið félagsmönnum uppá vönduð fjármálanámskeið þar sem farið er í fjármál heimilanna, útreikninga á vöxtum af lánum og kosti sparnaðar. Þessi námskeið hafa mælst gríðarlega vel fyrir og alltaf verið fullt og færri komist að en vilja.

Fréttablaðið tók Ingólfur Ingólfsson kennara á námskeiðunum tali og spurði um áhuga Eflingarfélaga á námskeiðunum.

Áhuginn er mjög mikill. Æskilegur fjöldi á námskeiði er 30 manns og það er alltaf fullt. Það er líka skiljanlegt. Hver vill ekki nýta peningana sína vel? Námskeiðin snúast einmitt um það að fá meira út úr peningunum sínum en hingað til og njóta þeirra. Ævitekjur eru kannski 120 milljónir en þegar upp er staðið er ekkert eftir nema viðhaldsfrekt hús og bílræfill. Það bendir til þess að ekki hafi verið farið vel með peningana. En þessu er hægt að breyta og aðferðirnar eru kenndar á námskeiðinu.

Kunna Íslendingar ekki að spara?

Þeir eru að læra það. Verðbólgan eyði-

lagði allan sparnað en sá tími er liðinn. Í dag sjá fleiri og fleiri að eina leiðin til þess að eignast peninga er í gegnum sparnað. Útgjaldaliður heimilisins númer eitt ætti að vera sparnaður og það geta allir sparað. Það er einnig kennt á námskeiðunum.

Eru þátttakendur að ná betri stjórn á heimilisrekstrinum eftir að hafa tekið þátt í þessum námskeiðum?

Ég á erfitt með að nefna annað dæmi en sjálfan mig. Ég var alltaf blankur þótt ég væri með góðar tekjur og þurfti að strauja kreditkortid fljótlega eftir hverja útborgun. Svo þegar kortareikningurinn kom trúði ég ekki eigin augum því ég mundi ekki eftir því að hafa keypt nokkurn skapaðan hlut. Við hjónin snérum dæminu við fyrir fjórum árum. Í dag finnst mér ég eiga nóg af peningum þótt launin hafi ekkert breyst.

Hvað varð þess valdandi að þú fórst af stað með þessi námskeið?

Það spurðist út í vinahópnum að við hjónin værum að gera eitthvað skrítið í fjármálunum; einhvern hókus þokus.



Ingólfur Ingólfsson hefur kennt á vinsælum námskeiðum um fjármál heimilanna

Brosið breikkaði líka. Við sögðum frá því sem við vorum að gera og byrjuðum að leiðbeina öðrum. Í desember 2002 héldu við svo fyrsta námskeiðið.

Er eitthvað nýtt að koma fram á þessum námskeiðum sem á eftir að nýtast fólki betur við að hafa stjórn á fjármálum sínum?

Það er fátt nýtt undir sólinni eins og sagt er. Nýjungin fellst í því að skoða fjármálin út frá allt öðru sjónarhorni en flestir gera. Fjármál heimilisins snúast ekki fyrst og fremst um tekjurnar hvað þá peningana sjálfa heldur það sem gert er við þá. Útgjöldin eru aðalatriðið og hvernig þeim er stýrt. Gamalt kínverskt málteki segir: „Maður verður ekki ríkur af því sem maður aflar heldur því sem maður eyðir“.

Skipulegg öll innkaup og fjármál af meiri nákvæmni

- Viðtal við Ólaf J. Sigurðsson sem tók þátt í námskeiði um fjármál heimilanna

Ólafur J. Sigurðsson, vinnur í framleiðslusál hjá Múlalundi. Hann segir að það sé ekki komin nein reynsla á sínu heimili, af því sem hann lærði á námskeiðinu. Enda sé svo stutt síðan því lauk. En ég er ekki í nokkrum vafa um að gagnsemi þess á eftir að koma í ljós á næstu vikum og mánuðum. Námsfnið er sett fram á þann hátt að núna get ég

skipulagt öll innkaup og önnur fjármál af meiri nákvæmni og þá ætti kostnaðurinn við rekstur heimilisins að lækka verulega. Það var mjög gaman að taka þátt í þessu námskeiði og kennarinn og aðrir þátttakendur voru afskaplega lifandi og skemmtilegir, sagði Ólafur að lokum.



Ólafur J. Sigurðsson

Glæsilegur hópur leikskólastarfs- manna útskrifast af námskeiði



Sígurlaug Gröndal leiðbeinir leikskólastarfsmönnum

Yfir 60 manna hópur starfsmanna á leikskólum Reykjavíkur hefur verið á námskeiði hjá Mími-símenntun undanfarnar vikur. Námskeiðinu lauk 1. apríl og var hópurinn útskrifaður við athöfn í Mími - símenntun. Þetta námskeið er

skipulagt í samvinnu við Leikskóla Reykjavíkur og hefur að megin markmiði að gera starfsmenn hæfari til að takast á við dagleg störf á leikskólum borgarinnar. Helstu fög eru uppeldisfræði, þroskasálfræði, sjálfstyrking og

myndlist. Mjög fjölmennur hópur Eflingar félaga vinnur hjá Leikskólum Reykjavíkur og hefur í áráraðir verið mjög virkur í að sækja sér starfsmenntun.

Vertu á verði

Í verslunum eiga allar vörur að vera verðmerktar, hvort sem þær eru inni í verslun eða í búðarglugga.

Hjá þjónustufyrirtækjum eiga verðskrár að liggja frammi á áberandi stað.

SAMKEPPNISSTOFNUN





Jens Arnljótsson, lektor, Soffía G. Guðmundsdóttir, frumgreinakennari, sem situr við hlið hans og Málfríður Þórarinsdóttir, deildarstjóri frumgreinadeildar. Jens ætlar að sjá um kennslu í stærðfræði og Soffía í stafsetningu.

Nám sem borgar sig:

Námskeið í stærðfræði og stafsetningu á vegum **Tækniháskóla Íslands**

Frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands býður upp á námskeið í stærðfræði og íslenskri stafsetningu fyrir almenning í maí n.k. og segir í tilkynningu frá skólanum að námskeiðið sé sniðið að þörfum fólks, sem vill tileinka sér, eða rifja upp, grundvallaratriði í þessum námsgreinum. Ýmsir útreikningar og

stóraukin samskipti á netinu krefjast kunnáttu í þessum greinum og eru hluti af daglegu lífi.

Stærðfræðinámskeiðin eru fjögur og er hvert námskeið 6 kennslustundir. Íslensk stafsetning er 8 kennslustunda námskeið. Námskeiðunum lýkur með

prófi og þeir nemendur sem ná lágmarkseinkunn geta fengið þau metin sem hluta af áföngum í íslensku og stærðfræði 1. annar frumgreinadeildar. Nánari upplýsingar eru veittar á heimasíðu Tækniháskóla Íslands <http://www.thi.is> og eins er hægt að hringja í síma 520-7400.

Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.





Fríður hópur útskrifaðist úr Grunnmenntaskólanum

Eflingarfélagar útskrifast úr Grunnmenntaskólanum

18 félagsmenn útskrifuðust úr Grunnmenntaskóla Eflingar og Mímis - símenntunar þann 1. apríl s.l. Skólinn hefur staðið í allan vetur og er alls 300 stundir en nemendur læra íslensku,

stærðfræði, tölvufærni, samskipti og fleira

Skólinn gefur því góðan undirbúning undir frekara nám ásamt því að nýtast nemendum starfi og daglegu lífi.

Efling mun fara aftur af stað með Grunnmenntaskólann næsta haust og verður auglýst eftir umsóknum frá félagsmönnum í haustblaði félagsins.



Þitt líf, þín framtíð

Sum hugtök teygjast með tímanum. Í dag leyfist fólki að skilgreina sig sem fjölskyldu þó að það eigi ekki hús, bíl, hamstur, tjaldvagn og tíu börn. Hvaða leið sem við veljum í lífinu koma tryggingar við sögu og hversu stór sem fjölskyldan þín er ættir þú að skoða kosti F plús fjölskyldutryggingarinnar.

Fjölskyldur stækka gjarnan og breytast með tímanum. Þar sem F plús er ein víðtækasta tryggingin á markaðnum er óþarfi að uppfæra hana með hverjum áfanganum sem er náð.

F plús víðtæka fjölskyldutryggingin innifelur m.a.

- Tryggingu á innbúi
- Slysaftryggingu í frítíma
- Ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu á ferðalögum erlendis
- Farangurstryggingu á ferðalögum erlendis
- Málskostnaðartryggingu
- Umönnunartryggingu barna
- Ábyrgðartryggingu einstaklings

Sjá nánar í skilmálum F plús tryggingar.


- þitt öryggi

VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík,
www.vis.is

Þjónustuver VÍS, símaþjónusta
mánudaga til föstudaga
kl. 8:00-19:00,
sími 560 5000



Sendum félagsmönnum Eflingar - stéttarfélags heillaóskir í tilefni af 1. maí, alþjóðlegum baráttudegi verkafólks.



VST
Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.



KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN



keila gæsapartý **einkasamkvæmi**
leiktæki
leiga á húsi f/einkasamkvæmi
diskókeila
hádegismatur
fyrirtækjapartý
pool
golfhermir
beinar útsendingar
kvöldmatur
karokee
barnaafmæli
steggjapartý

Opnunartími:
Sunnudaga - Fimmtudaga:
11:00 -24:00
Föstudaga - Laugardaga:
11:00-02:00



Keiluhöllin ehf. • Flugvallarvegi • Sími 511 5300 • Fax 511 5301 • www.keiluhollin.is • www.golfhermir.is

Framhald af blaðsíðu 33

sáu um saumaskapinn. Fljótlega upp úr 1956 hófum við svo framleiðslu á sjóstökkum og sjóhöttum í samkeppni við Sjóklæðagerð Íslands, Sjófataverk-smiðjuna hf og verksmiðjuna Vopna.

Síðan þróuðust mál þannig að árið 1958 fórum við á plastvörusýningu í London og keyptum fyrstu hátíðni-suðuvélina til landsins. Hún var ætluð til notkunar við framleiðslu á sjófata-náði úr PVC Vinyl efnum og sauð alla sauma saman. Fljótlega eftir að hún var tekinn í notkun náðum við nokkru for-skoti á markaðnum. Í framhaldi af því keyptum við fullkomnari vél til að auka afkastagetu verksmiðjunnar. Árið 1966 var okkur boðið að taka við framleiðslu Sjóklæðagerðar Íslands hf. Við gengum að því og í kjölfarið var framleiðsla fyrir-tækjanna sameinuð að Skúlagötu 51. Starfsfólkið hélt sínum störfum, sem kom sér mjög vel því að flestir höfðu mikla þekkingu á sjóklæðagerð og nokkrir höfðu meira að segja unnið unnið hjá fyrirtækinu frá stofnun þess árið 1926.

10 ára aðlögun vegna EFTA

Svo hélt þróunin áfram og árið 1970 gengum Íslendingar í EFTA og fengu 10 ára aðlögunartíma til að mæta nið-urfellingu tolla af innfluttum vörum.

Hvaða afleiðingar hafði inngangan í EFTA fyrir ykkur?

Það var strax hafist handa við að hag-ræða innan fyrirtækisins og ég tel að okkur hafi tekist ágætlega til við það verk, sé miðað við uppgang fyrirtækis-ins í dag. Árið 1984 var ákveðið að auka framleiðslu fyrirtækisins en við fengum ekki fólk til starfa í Reykjavík. Sennilega vegna þess að næg atvinna var í boði og launin voru ekki há í greininni. En við gáfumst ekki upp og í staðinn settum við upp verksmiðju á Selfossi og hófum framleiðslu á kuldagöllum. Þeir eru vel þekktir undir vörumerkinu Kraftgallar og eru ennþá framleiddir bæði fyrir börn og fullorðna. Svona til gamans má geta þess að lækni sem ég kannaðist við lét þess getið að blöðrubólgu tilfellingum hefði stórfækkað eftir að gallarnir komu til sögunnar. Seinna opnuðum við svo aðra verksmiðju á Akranesi og þar unnu 30 manns við að framleiða vinnufatnað. Svo kom að því að að samstarfi okkar Davíðs lauk árið 1977. Í hans hlut kom MAX hf og öll framleiðsla sem því til-heyrði en ég hélt áfram að framleiða

vörur í nafni Sjóklæðagerðarinnar hf undir vörumerkinu 66°N. Eftir það vorum við í harðri samkeppni og sá tími var bæði spennandi og skemmtilegur. Seinna eignaðist 66°N Sjóklæðagerðin hf svo MAX hf aftur og þá voru fyrir-tækin sameinuð á ný.

Innflutningurinn knésetti okkur

Hvenær fóruð þið að finna fyrir bakslagi í framleiðslunni? Breytingum í þá veru hófust uppúr 1987. Ég hef oft sagt að erlendir keppinautar okkar sem voru að flytja inn frá láglaunasvæðum hafi komið íslenskum fataiðnaði á kné. Við nutum t.d. engrar verndar lengur, fyrir ótakmörkuðum innflutningi á fatnaði frá Austur Asíu. Með þeim af-leiðingum að afkoma íslenskra fyrir-tækja í greininni fór hraðversnandi og

Ég hef oft sagt að erlendir keppinautar okkar sem voru að flytja inn vörur frá láglaunasvæðum hafi komið íslenskum fataiðnaði á kné



innflutningurinn jókst að sama skapi. Þetta gat ekki endað nema á einn veg og mörg fyrirtæki hættu rekstri. Eins og aðrir stjórnendur þurftum við að ákveða hvernig við ætluðum að bregðast við þessari óvægu samkeppni og varð niður-staðan á þá leið að við ákváðum að nota sömu aðferð og keppinautarnir og fluttum framleiðsluna til Lettlands í smábæ sem heitir Saldus. Þar búa c.a. 15 þús-und manns og lítil sem engin hefð var á fataframleiðslu á svæðinu. En núna starfa 160 manns, vel þjálfaðir af ís-lensku kunnáttufólki við að framleiða fjölbreyttan fatnað á vinnumarkaði sem er samkeppnishæfur á mörkuðum um allan heim.

Það hlýtur að hafa verið erfið á-kvörðun fyrir ykkur að flytja fram-leiðsluna úr landi?

Já, hún var gífurlega erfið, við þurft-um að loka verksmiðjunum á Selfossi, Akranesi, Borgarnesi og á Hellu og seinna hættum við allri starfsemi á Ak-ureyri. Í framhaldi af því var stórum hluta starfmanna sagt upp, en sem betur

fer fengu flestir vinnu aftur. Þessi tími reyndist okkur sem áttum fyrirtækið mjög erfiður og við vorum afskaplega sárir yfir því hvernig komið var fyrir þessari rótrónu atvinnugrein. En okkur hefur tekist að halda þekkingunni og langvarandi þróun innan veggja fyrir-tækisins og þar með stjórnnum við ennþá þeim gæðum sem ímynd fyrirtækisins byggist á. Svo erum við ennþá með lít-ilsháttar framleiðslu á sérfatnaði hér heima.

Hvernig fatnað framleiðist þið í Lett-landi?

Við erum ennþá að framleiða sams-konar fatnað og við gerðum hér heima. En svo hafa nýjar vörur bæst við og núna erum við t.d. að framleiða flísfatn-að úr hátækni-nýtísku flísefni sem er bæði vindþétt og vatnsþétt og hefur verið mjög eftirsótt á Íslandi sem og er-lendis. Eftir að við fluttum framleiðsl-una í samkeppnishæft umhverfi höfum við náð að markaðssetja okkur erlendis og erum núna með sölusamning til fjögurra ára við kaupendur í Bandaríkj-unum. Þá fer salan til Svíþjóðar og fleiri landa ört vaxandi. Ég held að það yrði íslenskum iðnaði til framdráttar ef við ákveðum að ganga í Evrópusambandið því að þá fengjum við aðgang að mörk-uðum þar sem c.a. 380 milljón manns búa.

Hvernig sérðu fyrir þér að fataiðnað-urinn þróist í framtíðinni?

Ég er nokkuð bjartsýnn fyrir hönd okkar fyrirtækis. Við erum ennþá með stjórn á eigin framleiðslu og íslenskir hönnuðir sjá um að hanna vörurnar. Og meðal annars af þeirri ástæðu getum við talað um að hún sé íslensk, sem er mjög mikilvægt þegar við erum að markaðs-setja hana erlendis. Svo höfum við alltaf verið með mjög sterkan heimamarkað, sem hefur þróast í gegnum árin í mjög nánum tengslum við neytendur. En svona almennt séð þá held ég að fata-iðnaður eigi ekki afturkvæmt hjá okkur nema eitthvað mikið komi til. Framtíð greinarinnar á næstu árum mun snúast um framleiðslu á sérfatnaði fyrir lög-reglumenn, slökkviliðsmenn, björgun-arsveitir og ýmsa fleiri aðila sem eru í sérhönnuðum fötum við störf sín.

Til fróðleiks má geta þess að árið 1954 eða þar um bil voru u.þ.b. 34 fyr-irtæki starfandi í fataiðnaði á öllu land-inu og þá eru fyrirtæki í sjóklæðagerð ekki talin með. En hvað þau er mörg núna veit ég ekki, sagði Elmar að lokum og þunginn í röddinni leyndi sér ekki.

Hvað getur **EES-Vinnumiðlun** gert fyrir Eflingarfélagi?

Hafir þú hug á að starfa erlendis til lengri eða skemmri tíma hafðu þá samband við okkur hjá EES vinnumiðlun. Persónuleg aðstoð og ráðgjöf við atvinnuleit og önnur atriði sem þarf að huga að þegar flutt er milli landa, t.d. hvaða pappíra þarf að hafa með.

EES-vinnumiðlun er hluti af Evrópsku samstarfsneti milli vinnumiðlana í Evrópu, EURES (EUROpean Employment Services). Öll EES-löndin og Sviss eru aðilar að samstarfinu.

Vinnumarkaður EES er stór (376 milljónir), tækifærin eru mörg og fjölbreytt. Hafa ber í huga að atvinnumöguleikar eru að miklu leyti háðir tungumálakunnáttu og reynslu hvers umsækjenda. Enskan dugar í enskumælendi löndum, en það er yfirleitt nauðsynlegt að kunna þýsku, spænsku, dönsku, frönsku o.s.frv. eftir því sem við

á í hverju landi.

Markmið og leiðir

Ráðgjafar leiðbeina um starfsleit á Evrópska efnahagssvæðinu. Vefsíðan www.vinnumalastofnun.is (EES-Vinnumiðlun) er með tengingar við gagnabanka um laus störf í mörgum EES-landanna og vinnumiðlunarkerfi í öllum löndunum. Dæmigerð störf sem eru í boði í EURES eru tímabundin störf, svo sem við ávaxta og grænmetistínslu í Danmörku, störf á hótélum og veitingahúsum. Einnig er framboð af langtíma-störfum.

Sérhæfðir vinnumiðlarar og ráðgjafar miðla upplýsingum um atvinnutækifæri og umsækjendur svo hægt sé að leysa staðbundna manneklu og atvinnuleysi með flutningum milli svæða. Reynsla undanfarinna ára sýnir frekar lítinn en

vaxandi hreyfanleika milli landa. Íslendingar eru hreyfanlegri að þessu leyti en margar aðrar þjóðir, útþráin gerir oftart vart við sig hjá okkur.

Ný vefgátt

EURES samskiptanetið styðst við miðlægan gagnagrunn í Brussel og upplýsingabanka eða vefgátt. Þar birtast upplýsingar um laus störf, lífskilyrði og fleiri mikilvæg atriði. The European Job Mobility Portal var endurbættur haustið 2003. Slóðin er: <http://europa.eu.int/eures>

Einnig er margt í boði á vefsíðu okkar www.vinnumalastofnun.is. Fólk getur líka komið á skrifstofu EES-Vinnumiðlunar (oftast er betra að hringja áður og biðja um tíma), við veitum líka ráðgjöf gegnum síma og tölvupóst.

EES Vinnumiðlun á Íslandi er til húsa ásamt Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins að Fjarðargötu 13-15, (Verslunarmiðstöðin Fjörður) 220 Hafnarfjörður, Sími: 554-7600, Fax: 554-7601. Netfang: eures@svm.is Veffang: www.vinnumalastofnun.is




Sumarskóli í íslensku. Íslenska fyrir nýbúa.

I Morgunkennsla frá 12.júlí til 30.júlí. Kennt er **mánudaga til föstudaga** frá kl 9:00-12:00. Kennslustaður **Austurbæjarskóli**. ITR mun annast leikjanámskeið síðdegis, **ath. takmarkaður aðgangur að leikjanámskeiði.**

II Kvöldnám fyrir unglinga og fullorðna verður í **Miðbæjarskóla og Mjódd (Þönglabakka 4), mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga.**

-Innritun hefst 7 júní í Miðbæjarskóla, Frikirkjuvegi 1.

**Námsflokkar Reykjavíkur
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Íþrótt og Tímstundaráð Reykjavíkur**



Lausnarorð:

Nafn: _____

Vinnustaður: _____ *Sími:* _____

Sími:

Heimili:

Kennitala: _____

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum.


Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík.

Svar þarf að berast fyrir 15. júní nk.



Hér afhendir Hallsteinn Friðbjófnsson starfsmaður úthlutunarnefndar nr. 1. Birnu Ögmundsdóttur verðlaun fyrir síðustu krossgátu. Birna var að vonum mjög þakklát. Hún vann í mótuneyti lengst af sinni starfsævi en er nú komin á eftirlaun.

Lausn síðustu krossgátu



Lausnarorðið var:
BRÆÐUR



VINNUMIÐLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 515 4850
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
atvinnuleysisskráning fyrir íbúa
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
Bessastaðahreppi, Garðabæ,
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.



Þegar þú getur eytt í nánast hvað sem er, af hverju ekki að eyða í sparnað?

Öll höfum við eytt í eitthvað sem við dauðsjáum eftir. Eyddu því frekar í sparnað. Landsbankinn býður fjölbreytt úrval sparnaðarleiða. **Sparibréf**, **Sparireikningur** og **Framtíðargrunnur** eru traustar og öruggar sparnaðarleiðir sem uppfylla mismunandi þarfir – allt eftir því hver markmiðin eru.

Hafðu samband og byrjaðu að eyða í sparnað.

Landsbankinn
s. 560 6000
www.li.is

